



# FRÉTTABLAÐIÐ

## Stórtjón á hótélum á tímum faraldurs

Margþættar skemmdir hafa orðið á byggingum helstu hótélkeðja landsins á meðan þær hafa verið lokaðar í kórónaveirufaraldrinum.

ser@frettabladid.is

**FASTEIGNIR** Að minnsta kosti tugmilljóna króna tjón hefur orðið á fjölda hótela hér á landi sem hefur þurft að loka um lengri eða skemmri tíma á tímum kórónaveirufaraldursins. Skaðinn er mestur hjá Íslandshótélum sem reka 17 hótél vítt og breitt um landið, en þegar minnst lét, var aðeins eitt hótél á vegum keðjunnar í fullum rekstri, Grand hótél í Reykjavík.

„Lokanirnar hafa leikið okkur grátt,“ segir Davíð Torfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslandshótela, „og tjónið leikur á tugum milljóna króna í okkar tilvik.“ Hann nefnir bæði kaldavatnstjón og hitavatnstjón, en ýmist hafi leiðslur gefið sig á nokkrum hótélanna eða varmaðlur látið undan.

„Einna verst var þetta á Hótél Heklu á Suðurlandi, en þar hreinlega soðnaði heilt starfsmannahús, ef svo má segja, með aðstöðu fyrir tólf manns eftir að heitavatnslögn gaf sig,“ segir Davíð Torfi.

Hrefna Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri forvarna hjá Sjóvá, tryggingafélagi Íslandshótela, segir að það hafi komið sínum samstarfsmönnum á óvart hversu mörg og mikil tjónin hafi verið. „En þetta kennir okkur nýja lexíu, það þarf að fylgjast grannt með húsnæði sem er ekki í notkun.“



Einna verst var þetta á Hótél Heklu á Suðurlandi, en þar hreinlega soðnaði heilt starfsmannahús, ef svo má segja.

Davíð Torfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslandshótela.

Kristófer Oliversson, framkvæmdastjóri Center hótela, sem var á tímabili með sjö af átta hótélum fyrirtækisins í miðborg Reykjavíkur lokuð frá því farsóttin byrjaði, segist vera að glíma við eftirmál nokkurra tjóna. „Sýnu verst var þegar fraus í öllum niðurföllum á þaki eins hótelsins sem var lokað með þeim afleiðingum að efsta hæð þess varð umflotin vatni.“

Þar fyrir utan hafi verið brotist inn á hótél sem ekki hafi verið í rekstri og tölvum stolið og skemmdir unnar á innanstokksmunum.

Ingólfur Haraldsson, framkvæmdastjóri Icelandair hótélanna, þekkir til sömu rauna og Kristófer, en á tímabili voru aðeins þrjú af níu heilsárshótélum keðjunnar í rekstri.

„Það hafa verið tíð skemmdarverk fyrir utan þau hótél sem hafa verið lokað og allnokkrar tilraunir gerðar til þess að brjótast þar inn, en að öðru leyti hefur eftirlitið virkað.“ ■



Nýnemar mættu í Kvinnaskólann í gær. Hjalti Jón Sveinsson skólameistari segir óskaplega góðan anda í hópnum. „Það er mikil gleði sem ríkir, bæði nýnemarnir og eldri nemendur eru kátir að vera að byrja í skólanum. Þau vilja örugglega leggja mikið á sig til að geta og mega mæta í hefðbundinn skóla,“ segir Hjalti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Biður Íslendinga um að hjálpa Haítí

thorgrimur@frettabladid.is

**HAÍTÍ** „Ég græt og ég græt, og ég get ekki einu sinni borðað því þegar svona margir eru hjálparþurfi hefur maður ekki matarlyst,“ segir Nadege Francois, haítísk kona með ríkisfang á Íslandi, um eyðilegg-inguna af völdum jarðskjálftans á Haítí.

Nadege biðlar til Íslendinga að hjálpa íbúum Haítí með því að senda tjöld, fatnað og nauð-



Nadege Francois.

synjavörur og með því að taka við haítísku flóttafólki. Stjórnvöldum Haítí sé ekki treystandi til að koma vörum til landsmanna. SJÁ SIÐU 6

Mmm ...  
Safarík vínber eru best núna!

Krónan mælir með!

KRÓNAN





Porgerður Katrín og Bjarni voru gestir í Pólitíkin í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/MARIANNA

## Íslenska krónan hafi sannað gildi sitt í faraldrinum

arib@frettabladid.is

**STJÓRN MÁL** „Mesta hættan á vaxtahækkunum er ef hér kemur vinstri stjórn sem fer hér að eyða peningum í verkefni sem eru ófjármögnuð,“ sagði Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins og fjármálaráðherra, í þættinum Pólitíkin með Páli Magnússyni á Hringbraut í gærkvöldi.

Bjarni og Porgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, tókust meðal annars á um gjaldmiðlamálin.

„Gildi krónunnar hefur einmitt sannað sig við þær aðstæður sem hér hafa skapast vegna Covid og krónan var nákvæmlega að þjóna því hlutverki sem við ætlumst til af sjálfstæðum gjaldmiðli. Það sýndi sig í þessari krísi, nú er atvinnustigið aftur að lagast, við búum við lægstu vexti sem við höfum nokkurn tímann haft,“ sagði Bjarni.


Porgerður Katrín sagði að Ísland væri eina þjóðin í Evrópu sem væri byrjuð að hækka vexti eftir Covid.

„Við erum með átta sinnum hærri verðbólgu en í Danmörku,“ sagði Porgerður. „Frá því að þessi ríkisstjórn tók við hefur krónan veikt um tuttugu prósent gagnvart evrunni. Hverjir eru það sem greiða þennan gengismun? Það er fólk sem fer út í búð á hverjum degi til að kaupa mjólk.“ Þá sé fyrirsjáanleiki í gjaldmiðlinum lykilatriði fyrir lítil fyrirtæki og nýsköpunarfyrirtæki.

Bjarni sagði atvinnustigið mundu sveiflast með því að tengja sig öðrum gjaldmiðli en ekki virði gjaldmiðilsins.

„Við höfum okkar eigin gjaldmiðil einmitt til að verja atvinnustigið. Það er uppgjörið sem þarf að eiga sér stað, hvort viltu leggja áherslu á að verja atvinnu fólks eða ætlar þú að leggja áherslu á það sem stóru fyrirtækin vilja, að hafa stöðugan gjaldmiðil til lengri tíma?“ ■

## Áhyggjur af framlinukonum í jafnréttismálum



Samtöðufundur fyrir stúlkur og konur í Afganistan fór fram í Barcelona í gær. „Að sjálfsgöðu höfum við öll alveg gífurlegar áhyggjur og þá sérstaklega af konum sem hafa staðið í framlinu fyrir jafnrétti kynjanna í Afganistan. Þær sem hafa verið leiðtogar á því sviði, það eru þær sem við höfum mestar áhyggjur af,“ segir Lára Jónasdóttir sem starfaði í Afganistan á vegum Lækna án landamæra í tvígang. Ítarlegt viðtal er við Lára á frettabladid.is. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Sjötta lengsta gos á Íslandi í 200 ár nú fimm mánaða

ser@frettabladid.is

**ELDGOS** Fimm mánuðir eru í dag liðnir frá því eldgosinu í Geldingadölum hófst og er það nú orðið annað lengsta gosið á þessari öld og það sjötta lengsta í tvær aldir, að sögn Þorvaldar Þórðarsonar eldfjallafræðings.

Aðeins eldgosinu í Holuhrauni sem hófst í ágúst 2014 varði lengur en gosið í Geldingadölum það sem af er þessari öld, en það stóð yfir í sex mánuði.

Eldgosinu í Surtsey sem hófst 1963 endaði hálfu fjórða ári síðar, Heklugosið 1947 stóð yfir í rúmt ár og álíka sögu er að segja af Heklugosinu 1845 og eldsumbrotunum í Eyjafjallajökli 1821. ■

## Draugahúsið á Njarðargötu fær að grotna niður í friði

Í 30 ár hefur húsið við Njarðargötu 35 staðið autt. Þrátt fyrir blaðaskrif, skýrslur, kvartanir náganna og íbúasamtaka miðbæjarins gerist ekkert og leyfir borgin húsinu að drabbast niður.

benediktboas@frettabladid.is

**SKIPULAGSMÁL** Njarðargata 35 í miðborg Reykjavíkur hefur staðið autt síðan verktaki keypti húsið 1991. Það hefur eðlilega drabbast niður á þeim tíma og stendur sem þyrnir í augum náganna sinna sem eru orðnir langþreyttir á ástandinu.

Grannarnir sem Fréttablaðið náði tali af vildu ekkert vera að blanda sér í þessa baráttu en kölluðu eftir aðgerðum borgarinnar.

Það hafa Íbúasamtök miðborgar Reykjavíkur einnig gert en hróp þeirra heyrast ekki inn í stjórnkerfið. Samtökin gáfu út skýrslu á síðasta ári sem bar heitið Vanhirt hús í miðborg Reykjavíkur og þar var minnst á Njarðargötu.

Benóný Egísson, fyrrverandi formaður samtakanna, segir að lítið hafi heyrst í borgaryfirvöldum í kjölfar skýrslunnar.

„Ég get ekki sagt að það hafi verið mikil viðbrögð við þessari skýrslu. Okkur var þakkað fyrir ábendingarnar og lofað aðgerðum því húsið er heilsuspillandi og hættulegt,“ segir Benóný.

Að sögn Benónýs kviknaði í húsinu skömmu fyrir aldamót. Lögreglan hafi í kjölfarið bent á að húsið væri hættulegt. „Það hefur samt ekkert gerst síðan þá,“ segir hann og getur ekki leyt vonbrigðum sínum gagnvart stjórnvöldum borgarinnar.

Morgunblaðið fjallaði um Njarðargötu 35 árið 2008. Í umfjöllun blaðsins sagði nágrenni að húsið



Njarðargata 35 sker sig töluvert úr húsaröðinni við þessa fallegu götu. Húsið hefur staðið autt síðan 1991. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Njarðargata 35

Þetta steinhús er hluti af randbyggðinni við Njarðargötu og hefur það staðið autt frá 1991 þegar verktaki festi kaup á því. Síðan gerðist harla lítið og lögreglan kvartaði yfir því að fjölbýlishúsið að Njarðargötu 35 væri að hruni komið í ágúst 1996. Árið 2008 er samþykkt

tillaga byggingafulltrúa um þvingunarúrræði til viðhalds hússins en það virðist hafa borið lítinn árangur miðað við ástand þess í dag.

Úr skýrslu Íbúasamtaka miðborgar Reykjavíkur 2020.

hefði ekki verið kynt í mörg ár. Í fréttinni var bent á að deilur væru um leyfi sem eigandinn fékk frá skipulagsyfyrvöldum til að bæta einni og hálfri hæð ofan á húsið. Nágrannar hafi mótmælt þessu.

Það er því nánast stórukeppni milli eigandans og borgaryfirvalda. Eigandinn vonast eftir því að borgin gefi eftir og leyfi sér að lagfæra húsið og bæta þessari einni og hálfu hæð við en geti í skjóli eignarréttar beðið, nánast eins lengi og honum hugnast.

Magnús Sædal Svavarsson, fyrrum byggingafulltrúi Reykjavíkurborgar, segir að það sé neyðarúrræði að beita dagsektum. Magnús beitti sér í máli Njarðargötu 35 árið 2008 sem varð til þess verktakinn tók aðeins til og málaði húsið.

„Eigendur geta átt svona hús, borgað af þeim fasteignagjöld sem eru ekki há af svona húsum og vonað að tíminn vinni með þeim. Að borgin láti undan og leyfi fyrirhugaðar framkvæmdir.“ ■

Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

**NYFORM**

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is





**19|08**

FIMMTUDAGUR  
KL.20:00

**20|08**

FÖSTUDAGUR  
KL.20:00

**21|08**

LAUGARDAGUR  
KL.17:00



# NýKlassík & Sinfó

Sinfóníuhljómsveit Íslands á stefnumót við marga af vinsælustu tónlistarmönnum landsins á tónleikum í Eldborg. Bríet, Cell7, Flóni, GDRN, Joey Christ, JóiPé og Króli, Logi Pedro, Reykjavíkurdætur og Unnsteinn flytja lög sín í nýjum órafmögnum útsetningum. Hljómsveitarstjóri er Daníel Bjarnason.

Við leggjum áherslu á ábyrgt viðburðahald og fylgjum ávallt gildandi sóttvarnareglum. Sætaframboð er takmarkað og því gott að tryggja sér miða sem fyrst á [sinfonia.is](https://sinfonia.is)

Miðasala  
[sinfonia.is](https://sinfonia.is)  
[harpa.is](https://harpa.is)





Vilborg með skólaföt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Búast við léttari vetri en í fyrra

arib@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Í dag byrjar Hjálparstarf kirkjunnar með sérstaka skólaaðstoð fyrir veturninn fyrir foreldra sem búa við kröpp kjör.

Síðustu vikur hefur hjálparstarfið stutt framhaldsskólanema við skólagjöld og bókakaup. „Okkur bráðvantar fartölvur, það er mikið spurt um þær en við eigum ekki eina til að gefa áfram,“ segir Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi hjá Hjálparstarfi kirkjunnar.

Þrátt fyrir mikla aðsókn segir Vilborg talsvert léttara yfir öllum í ár en í fyrra þegar atvinnuleysi var mikið. „Nú eru margir komnir með vinnu og það er aðeins léttara. Þó það séu mörg smit þá er fólk ekki jafn stressað í ár.“

Hægt er að leita til Hjálparstarfsins á neðri hæð Grensáskirkju klukkan 12.30 á morgun. ■



Kránan er eina verslunin í Grafarholti og Úlfarsárdal. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

## Spyrja um verslun

benediktboas@frettabladid.is

**SKIPULAG** Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals sendi fyrirspurn til borgaryfirvalda á síðasta fundi sínum á mánudag um verslun í hverfinu. „Hafa borgaryfirvöld átt viðræður við forsvarsmenn matvöruverslana sem hafa sýnt áhuga á að opna slíka verslun í Grafarholti og Úlfarsárdal eða nágrenni? Ef svo er, hvernig ganga slíkar viðræður?“ spyr ráðið, en Kránan sinnir báðum hverfum eins og staðan er í dag með verslun sinni á Þjóðhildarstíg. ■

# Atvinnuleysi hefur hriðminnkað í Reykjanesbæ

kristinnhaukur@frettabladid.is

**ATVINNUMÁL** Horfur í atvinnumálum hafa batnað til muna í Reykjanesbæ og atvinnuleysi lækkað úr 24,9 prósentum í 11,6 á hálfu ári. Enn getur þó brugðið til beggja vona með haustinu en sveitarfélagið er afar háð flugi og ferðaþjónustu.

„Í eðlilegu árferði væri það viðbúð að hausti myndi leiða til árstíðabundins atvinnuleysis. En ef þessi bylgja rjátlast af okkur og umsvifin haldast á flugvellinum getur verið að atvinnuleysi lækki áfram,“ segir Sigurgestur Guðlaugsson, verkefnis-



stjóri atvinnu- og viðskiptaþróunar. „Flugvöllurinn er enn langt undir þeim umsvifum sem hann á inni.“ Í faraldrinum hafa sveiflur í atvinnuleysi verið miklar, ekki síst á Suðurnesjum. Þó að útgerðin sé sterk á svæðinu telur flugvöllurinn 40 prósent af efnahagsumsvifunum.

Áhrif minna tvinnuleysis eru augljós fyrir íbúana en samkvæmt Sigurgesti hafa áhrifin á rekstur bæjarins ekki öll komið fram enn. „Mestu skiptir að íbúarnir komist aftur í rútínuna sína,“ segir hann. „Störf leiða líka af sér afleidd störf og það byrjar að ganga vel hjá öllum.“

stjóri atvinnu- og viðskiptaþróunar. „Flugvöllurinn er enn langt undir þeim umsvifum sem hann á inni.“

Í faraldrinum hafa sveiflur í atvinnuleysi verið miklar, ekki síst á Suðurnesjum. Þó að útgerðin sé sterk á svæðinu telur flugvöllurinn 40 prósent af efnahagsumsvifunum.

Áhrif minna tvinnuleysis eru augljós fyrir íbúana en samkvæmt Sigurgesti hafa áhrifin á rekstur bæjarins ekki öll komið fram enn. „Mestu skiptir að íbúarnir komist aftur í rútínuna sína,“ segir hann. „Störf leiða líka af sér afleidd störf og það byrjar að ganga vel hjá öllum.“

Atvinnuleysið í Reykjanesbæ er þó enn langt yfir landsmeðaltalinu, 6,1 prósent. Að sögn Sigurgests má búast við því að svo verði í faraldrinum á meðan hann hafi svo mikil áhrif á samgöngur.

Enn standa eftir 1.309 atvinnulausir í Reykjanesbæ. Rómur helmingur hinna atvinnulausu er með erlent ríkisfang.

„Við þurfum meiri tíma til að sjá hversu mikið langtímaatvinnuleysið er. Það lítur út fyrir að margir sem voru að biða eftir störfum sínum hafi fengið þau aftur,“ segir Sigurgestur Guðlaugsson. ■

# Telur flesta mjög meðvitaða um rétt sinn í tengslum við utanlandsferðir

Það er í nægu að snúast hjá Neytendastofu þessa dagana enda margir Íslendingar að hafa samband vegna óvissu í tengslum við ferðalög erlendis á næstunni. Formaður Neytendasamtakanna segir Íslendinga heilt yfir vel að sér í þessum málum.

kristinnpall@frettabladid.is

**NEYTENDAMÁL** „Við hvetjum fólk til að hafa samband ef það telur sig þurfa á hjálp að halda í þessum málum,“ segir Breki Karlsson, formaður Neytendastofu, um fyrirspurnir vegna ferðalaga erlendis.

Margir tilvonandi ferðalangar telja stöðuna óvissa.

„Þetta er eitt af helstu verkefnum okkar þetta árið og í takti við það sem við sáum í fyrra. Það hafa margar ferðaskrifstofur staðið sig mjög vel, haft samband að fyrra bragði til að gengið sé rétt frá málinu og staðið við sitt en því miður eru inn á milli svartir sauðir sem eru ekki að standa við sitt. Ef fólk er ekki sátt við svör, tilboð eða afgreiðslu er hægt að hafa samband við okkur,“ segir Breki.

Að sögn Breka er í slíkum málum meðal annars lítið til aðstoðunnar sem ríkti er fólk keypti ferðina.

„Ef einstaklingur kaupir flug í fyrramálið til Spánar á hann að geta gert ráð fyrir því að það sé ýmislegt sem verður sérkennilegt, en einstaklingar sem keyptu flug fyrr á þessu ári á svæði sem voru á þeim tíma græn á Sóttvarnakorti Evrópu, þar hafa forsendurnar breyst,“ segir Breki.



Margir Íslendingar hafa nýtt tækifærið og skotist í stutta utanlandsferð undanfarið þrátt fyrir hertar sóttvarnaaðgerðir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Ef fólk er ekki sátt við svör, tilboð eða afgreiðslu er hægt að hafa samband við okkur.



Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna.

Fólk er að sögn Breka heilt yfir mjög meðvitað um rétt sinn. Á síðu Neytendasamtakanna sé grein þar sem vakin er athygli á því hvernig best sé að snúa sér í slíkum málum.

„Lögin eiga við ferðir sem innihalda að minnsta kosti tvær ferðatengdar þjónustur, svo sem flug og hótél, eða flug og viðburð en ekki einungis flugferðir,“ bendir Breki á.

Neytendasamtökin hafa reynt að minna fólk á að hafi það keypt pakkaferð eigi það rétt á endurgreiðslu, en að aðrar reglur gildi um flugferðir.

„Það er regluverk sem byggir á evrópskri reglugerð um pakkaferðir og samtengda ferðaþjónustu, þar sem einstaklingar geta afpantað gegn greiðslu ákveðinnar þóknunar sem búið er að semja um. Ferða-

skrifstofurnar eiga hins vegar ekki rétt á þessari þóknun ef þetta er vegna óvenjulegra eða óviðráðanlegra aðstæðna og þá er komið að lykilsurningunni, hvernig er það túlkad?“ segir Breki.

Spurning sé um aðstæðurnar.

„Nú er heimsfaraldurinn búinn að geisa í eitt og hálf ár, teljast breytingar vegna sóttvarnaaðgerða orðnar eðlilegar? Það er kærufnd sem úrskurðar í því,“ segir Breki og heldur áfram.

„Við vitum af málum sem eru að fara fyrir kærufndina, einstaklingar í útskriftarferð sem telja sig eiga rétt á fullri endurgreiðslu án greiðslu þóknunar. Við teljum að þar séu óviðráðanlegar aðstæður en ferðaskrifstofan er ekki sam-

# ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

# RAM 3500

**VERÐ FRÁ 7.421.210 KR. ÁN VSK.**  
**9.202.300 KR. M/VSK.**

**BREYTINGAVERKSTÆÐI ÍSBAND, SMÍÐSHÖFÐA 5, SÉRHÆFIR SIG Í BREYTINGUM Á RAM PALLBIFREIÐUM.**

**BJÓÐUM UPP Á 37" - 40" BREYTINGAPAKKA**

**NÝ SENDING - EIGUM FLESTAR GERÐIR TIL AFGREIÐSLU STRAX**

BILL Á MYND RAM 3500 LARAMIE SPORT MEGACAB MED 35" BREYTINGU



# ÚTSALA

## 20-70% AFSLÁTTUR



Allar útsöluvörur okkar er að finna í vefversluninni [www.vogue.is](http://www.vogue.is)

Sendum frítt heim ef keypt er fyrir 15.000 kr. eða meira í vefverslun.

Útsölnni lýkur laugardaginn 28. ágúst

**Vogue**  
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS



# Biðlar til Íslendinga um hjálp vegna skjálftans

Nadege Francois, haitísk kona með íslenskt ríkisfang, biðlar til Íslendinga um hjálp fyrir fjölskyldu sína og landa í kjölfar jarðskjálftans á Haítí. Segir hún bráðan skort á vörum eins og tjöldum og klæðnaði til að lifa af stormana sem fylgt hafa í kjölfar skjálftans.

thorgrimur@frettabladid.is

**HAÍTÍ** „Það er fólkið á Haítí sem er fórnarlambið í þessum hamförum,“ segir Nadege Francois, haitísk kona með íslenskt ríkisfang, um jarðskjálfta sem skall nýlega á Haítí. Skjálftinn, sem skók karabíska eyrikið 14. ágúst var 7,2 að stærð.

Samkvæmt opinberum talningum hafa næstum 2.000 andlát verið staðfest og hátt í 10.000 manns hafa slasast. Jarðskjálftinn er af svipaðri stærðargráðu og skjálftinn á Haítí árið 2010, sem olli gríðarlegri eyðileggingu og kostaði hundruð þúsunda landsmanna lífið.

„Ég hef sjálf misst svo mikið,“ segir Nadege. „Í jarðskjálftanum 2010 missti ég frænku mína og fjórar systur, þar á meðal tvíburasystur mína. Ég missti nánast vitið af sorg því tvíburasystir mín var besti vinur minn. Enginn hjálpaði okkur. Hjálparaðilar og stjórnvöld gerðu ekki það sem þurfti að gera fyrir fólkið. Haítíbúar þurftu sjálfir að endurbyggja hús sín á meðan milljónum var varið í að byggja fin sumarhús.“

Nadege hefur búið á Íslandi frá árinu 2008. Áður hafði hún flutt frá



Nadege Francois.

Haítí til Bahamaeyja en hafði verið vísað aftur til Haítí. Síðan ferðadist hún til dóminísku höfuðborgarinnar Santó Dómingó, þar sem hún kynntist íslenskum karlmanni sem hún giftist síðar og eignadist börn með. „Þegar ég kom til Íslands var ekki tekið við mér í skóla og maður-

inn minn hafði ekki peninga til að styðja mig til náms. Ég gat þó gengið í vinnuskóla og lært eitt og annað,“ segir hún.

Þegar jarðskjálftinn 2010 reið yfir Haítí var Nadege stödd á Íslandi og stóð á öndinni á meðan hún beið eftir fréttum af fjölskyldu sinni. „Ég missti svo marga ættingja að ég varð veik. Ég var send á sjúkrahús og gat ekki einu sinni talað. Ég var í losti og gat bara velt fyrir mér hvernig svona lagað gæti gerst. Ég vildi hjálpa fjölskyldu minni og tók mér því vinnu á veitingahúsi til að geta sent peninga til Haítí en ég gat ekki unnið þar lengi. Ég gat ekki hætt að gráta þegar ég talaði um ástandið heima og ég

Stund milli stríða hjá slökkviliðsmönnum í Les Cayes á Haítí sem leitað hafa sleitulaust að eftirlifendum frá því skjálftinn reið yfir á laugardag.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
GETTY

lýðveldisins til hjálpar en þeir vísa okkur burt ef við förum yfir landamærin. Ef Dóminíkar finna mann úti á götu segja þeir manni að fara aftur til Haítí og henda manni til baka eins og rusli niður í gil.“

Árið 2010 hafði Nadege samband við Jóhönnu Sigurðardóttur, þáverandi forsætisráðherra, með hjálp lögfræðingsins Þuríðar Halldórsdóttur til þess að vekja athygli á harmleiknum á Haítí og biðja um hjálp fyrir þjóð sína. Íslendingar voru með fyrstu löndunum sem sendu aðstoð til Haítí það ár. Nú hafa Nadege og Þuríður því nálgast Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra, Ásmund Einar Daðason félagsmálaráðherra og íslenska Rauða krossinn til þess að biðja um hjálp.

Nadege lagði áherslu á að skortur væri á nauðsynjavörum á Haítí eins og hjúkrunarvörum, grímum, tjöldum og klæðnaði og biðlaði til Íslendinga að safna vörum sem gætu hjálpað Haítum um lifa af hitabeltissstorma sem hafa skolið á landinu í kjölfar jarðskjálftans. Taldi hún nauðsynlegt að koma þessum birgðum beint í hendur Haítímanna þar sem ríkisstjórnin væri líklegri til að selja vörurnar en að koma þeim í hendur þeirra sem þær þyrftu. Þá biðlaði hún til Íslendinga að taka við flóttafólki frá Haítí sem ætti ekki í önnur hús að venda.

„Ég græt og ég græt, og ég get ekki einu sinni borðað því þegar svona margir eru hjálpar þurfi hefur maður ekki matarlyst.“ ■

græt enþá þegar ég tala um þetta.“

Nadege er núna stödd á Haítí og upplifði því jarðskjálftann af eigin raun. Hún hafði farið til Haítí vegna andláts föður síns, sem bjó um skeið með henni á Íslandi en sneri nýlega heim til Haítí. Nadege hefur eytt miklu af eigin fé til þess að hjálpa fólkinu í heimaþorpi sínu nærri borginni Jeremie, meðal annars með því að kaupa andlitsgrímur til að koma í veg fyrir Covid-fjöldasmit í flóttamannabúðum þeirra sem hafa misst heimili sín.

„Ríkisstjórnin er ekki að gera neitt,“ segir Nadege. „Forsetinn var drepinn og nú getur stjórnin ekkert gert. Við leitum til Dóminíska



Afganskar öryggisveitir standa vörð í Panjshir-dal.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Panjshir-dalur síðasta von mótherja talíbana

thorvardur@frettabladid.is

**AFGANISTAN** Talíbanar segja stríðinu í Afganistan lokið en þeir ráða nú nánast öllu landinu. Þó er einn staður sem enn hefur ekki fallið þeim í hendur. Það er Panjshir-dalur, dalur hinna fimm ljóna, sem liggur skammt norðaustur af höfuðborginni Kabúl. Talíbanar hafa ekki gert tilraun til að hertaka hann – enn sem komið er.

Panjshir-dalur hefur aldrei verið undir stjórn utanaðkomandi, hvorki erlends herliðs né afganskra yfirvalda – hver sem þau hafa verið. Þangað liggur aðeins einn vegur sem er einungis sex metrar að breidd er hann kemur inn í dalinn sem umlukinn er háum og bröttum fjöllum.

Þar safna andstæðingar talíbana nú liði og vonast til að geta veitt þeim mótspyrnu. Þangað er kominn Amrullah Saleh, varaforseti Afganistan, og biðlar til andstæðinga talíbana að ganga til liðs við sig. Hann segir sig lögmetan bráða-birgðaforseta landsins.

Nú þegar hefur Ahmad Massoud,



**Ekki undir neinum kringumstæðum mun ég lúta fyrir hryðjuverkamönnum talíbana**

Amrullah Saleh, varaforseti Afganistan

sonur stríðsherrans Ahmads Shah Massoud sem myrtur var af Al-Kaída tveimur dögum fyrir hryðjuverkaárásirnar 11. september 2001, gengið til liðs við Saleh. Hinn fallni Massoud er talinn þjóðhetja af mörgum Afgönnum sem andsnúnir eru talíbönnum og voru hann og Saleh bandamenn á árum áður.

„Ekki undir neinum kringumstæðum mun ég lúta fyrir hryðjuverkamönnum talíbana. Ég mun aldrei svíkja minningu hetju minnar, Ahmad Shah Massoud,“ segir Saleh. ■

## Heilbrigðisþing um framtíðarsýn um heilbrigðisþjónustu við aldraða

20. ágúst kl. 9.00 – 16.00

Beint streymi á [heilbrigdisthing.is](https://heilbrigdisthing.is)



Stjórnarráð Íslands  
Heilbrigðisráðuneytið



# NÝR VINKILL Á ÆSKU

1 SERUM SEM VINNUR Á  
15 ÁHRIFUM ÖLDRUNAR



**91%**

SÖGÐU AÐ ÞAÐ DRAGI ÚR  
ÖLDRUNAREINKENNUM\*



**SJÁANLEG  
BREYTING**

FÆRRI SÝNILEGAR LÍNUR,  
MINNI HÚÐOP OG  
STINNARI HÚÐ



ORIGINS

Origins fæst í Garðabæ, Kringlu, Smáralind og Akureyri

\*prófun framkvæmd af Origins á 110 konum 30-60 ára, eftir 4 vikna notkun. Áhrif mismunadi hjá einstaklingum

**20%** AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ORIGINS  
VÖRUM DAGANA 19. - 25. ÁGÚST

**HAGKAUP**  
*Snyrtivara*



# Uppgreiðslur ekki vandi fyrir lífeyrissjóði

Framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs segir að uppgreiðslur á sjóðfélagalánum hafi ekki valdið lífeyrissjóðum sérstökum vandræðum.

thorsteinn@frettabladid.is

Uppgreiðslur á sjóðfélagalánum eru ekki stórvægilegar þegar litið er á eignasöfn lífeyrissjóðanna í heild sinni og þær geta varla verið sjóðunum til trafala. Þvert á móti geta þær auðveldað sjóðum að endurvigta eignasafnið, til að mynda að fjárfesta erlendis í meiri mæli. Þetta segir Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs.

„Fyrir lífeyrissjóði sem vilja fjárfesta meira erlendis geta uppgreiðslur sjóðfélagalána flýtt fyrir slíkri eignabreytingu,“ segir Ólafur.


Í umfjöllun Markaðarins í gær kom fram að uppgreiðslur á sjóðfélagalánum lífeyrissjóða hefðu skapað verulega fjárfestingarþörf hjá sjóðunum og var áætlað að hún næmi um 150 milljörðum króna á ársgrundvelli.

Frá því í mars 2016 og þar til Covid skall á hér á landi í lok mars 2020 voru lífeyrissjóðirnir mjög umsvifamiklir í veitingu nýrra húsnæðislána og með álíka hlutdeild í veitingu nýrra lána og bankarnir.

Hrein ný útlán lífeyrissjóðanna, það er ný útlán að frádregnum uppgreiðslum, á því þriggja ára tímabili, námu samtals 386 milljörðum króna. Má segja að í hverjum mánuði hafi hrein útlán frá lífeyrissjóðunum til íbúðakaupenda numið um það bil 5-10 milljörðum króna.

Á örskömmum tíma breyttist umhverfið fyrir lífeyrissjóðina. Frá því í mars 2020 þangað til í júlí 2020 þróaðist eftirspurn eftir íbúðalánum sjóðanna úr hreinum nýjum útlánum upp á sjö milljarða á mánuði yfir í hreinar uppgreiðslur upp á fimm milljarða.

Hlutfall sjóðfélagalána af heildareignum lífeyrissjóða náði hámarki í 11 prósentum í byrjun árs 2020 en er nú komið niður í 8 prósent. Á móti hefur innlend hlutabréfaeign sjóðanna aukist og er hún komin í 14,8 prósent af heildareignum. Hlutfallið hefur ekki verið eins hátt síðan árið 2007. Ólafur bendir á að virðisbreytingar á eignaflokkum skýri þessar breytingar að miklu leyti. Miklar hækkanir á gengi hlutabréfa á síðustu tólf mánuðum hafi hækkað hlutfall þeirra af heildareignum sjóðanna. Og þegar eignir aukast vegna virðisbreytinga á hlutabréf-



Frá því í mars 2016 og þar til Covid skall á hér á landi í lok mars 2020 voru lífeyrissjóðirnir mjög umsvifamiklir í veitingu nýrra húsnæðislána.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK

## Brýnt að hækka þak á erlendar eignir

Samkvæmt lífeyrissjóðalöggjöf-inni er lífeyrissjóðum gert skylt að takmarka gjaldmiðlaáættu sína með því að tryggja að að lágmarki 50 prósent af heildareignum sjóðsins séu í sama gjaldmiðli, þ.e. íslenskum krónum.

„Sjóðunum er í raun ekki unnt að nýta sér þetta mark að fullu vegna þess flökts sem getur verið á gjaldmiðlinum,“ segir Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.

„Ákveðnir sjóðir, eða deildir innan þeirra eru farnir að finna

fyrir þessum mörkum og kalla eftir rýmri heimildum til að meta saman eignir og áhættu fyrir sína sjóðfélaga. Því þykir afar brýnt að þessi mörk verði rýmkuð,“ bætir Þórey við.

Í umfjöllun Markaðarins fyrr á þessu ári kom fram í máli stjórnenda tveggja af stærstu lífeyrissjóðum landsins að tímabært væri að endurskoða lögbundið hámark á erlendar fjárfestingar lífeyrissjóða. Þakið væri orðið íþyngjandi fyrir lífeyrissjóðina sem hafa síaukna fjárfestingar-

þörf en takmarkað svigrúm til að ráðstafa fénu erlendis.

Í kjölfarið sagðist Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri vera eindregið þeirrar skoðunar að hækka ætti núverandi þak á erlendar fjárfestingar lífeyrissjóðanna um leið og aðstæður í efnahagslífinu leyfa.

„Það yrði mjög jákvætt, fyrir lífeyrissjóðina og hagkerfið í heild sinni, ef sjóðirnir geta aukið hlutfall erlendra eigna í eignasafni sínu,“ sagði Ásgeir í samtali við Markaðinn.

um lækki hlutfall sjóðfélagalána af eignasafninu.

„Við hjá Birtu lífeyrissjóði höfum ekki upplifað þetta jafn skarpt og tölur Seðlabankans bera með sér. Þetta eru að miklu leyti nefnaraáhrif, það er að segja hlutfallsleg breyting þar sem einn eignaflokkur hækkar meira en aðrir. Samdráttur sjóðfélagalána upp á 60 milljarða í kerfinu á síðustu 12 mánuðum nemur aðeins um 1 prósent af eignum þeirra,“ segir Ólafur.

„Í þeim skilningi er lækking fasteignalána úr 11% niður í 8% líka virðisbreyting. Fasteignalán til sjóðfélaga hafa verið um 10% af heildareignum lífeyrissjóða mjög lengi og sveiflast eftir því hvernig samkeppnin er. Það er ekkert nýtt í þessu annað en hvað þetta gerist á stuttum tíma. Í fundargerð stöðugleikaneftardar frá því í júní lýsir nefndin yfir áhyggjum af verðþróun á fasteignamarkaði og það er að mörgu að hyggja þegar þessi eignaflokkur er annars vegar.“

Fjárfestingarþörf lífeyrissjóðanna er nokkuð breytileg ár frá ári en Stefán Broddi Guðjónsson, sérfræðingur í skuldabréfum hjá Arion banka, áætlaði að hún væri líðlega 300 milljarðar á ári. Síðustu tólf mánuði hafa hreinar uppgreiðslur sjóðfélagalána bæst við þá fjárhæð í stað þess sem áður var að sjóðfélagalán kölluðu á fjárfestingu frá lífeyrissjóðunum.

Ef miðað er við hreinar uppgreiðslur síðustu tólf mánaða, um 60 milljarða króna, og lánveitingar



Margir taka því fagnandi að geta endurvigtað án þess að selja niður eignaflokka.



Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs.

þeirra þegar umsvifin voru sem mest, um 5-10 milljarðar króna á mánuði, má segja að sveiflan á ársgrundvelli nemi um 150 milljörðum króna.

„Þetta eru krefjandi aðstæður en ég sé þetta ekki sem stórvægilegt vandamál fyrir lífeyrissjóði. Margir taka því fagnandi að geta endurvigtað án þess að selja niður eignaflokka og í svona breytingum er auðveldara að fara í endurvigtun á einstaka eignaflokkum,“ segir Ólafur. ■

## Veitir ekki svör um Covid-hraðpróf

helgivifill@frettabladid.is

**COVID-19** Lyfja hefur ekki fengið svör frá heilbrigðisráðuneytinu um hvort lyfjaverslanakeðjunni sé heimilt að selja Covid-19 hraðpróf sem samþykkt hafa verið af heilbrigðisyfirvöldum í Þýsklandi. Fáist jákvæð svör geti Lyfja, sem fyrst óskaði eftir heimild til að selja hraðpróf í maí, hafið sölu á prófunum innan skamms. Þetta segir Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri Lyfju, í samtali við Fréttablaðið.

Slík hraðpróf tíðkast víða í Evrópu og hefur til dæmis verið gerð krafa um það í Austurríki að þeir sem fari á veitingahús eða ýmsa aðra opinbera staði sýni neikvæða niðurstöðu úr Covid-19 hraðprófi. Stjórnvöld gefa landsmönnum nokkur hraðpróf í viku hverri.

Sigríður Margrét segir að hrað-



Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri Lyfju.

próf geti auðveldað fólki að lifa með heimsfaraldrinum. Mörgum myndi líða betur með að fara á ýms mannamót, svo sem vinnufundi eða fjölskyldubod, ef þeir sem væru samankomnir hefðu undirgengist hraðpróf.

Heimaprófin sem Lyfja hefur í hyggju að selja byggja á sýnatöku stroku úr nefholi. Sigríður Margrét segir að næmni þeirra sé 95,6 prósent en Alþjóðaheilbrigðisstofnunin mæli með að næmni sé yfir 80 prósent. „Að sjálfsögðu er ekki

ætlast til þess að fólk sem sýni ein-kenni um Covid-19 smit taki prófin heldur bóki tíma hjá Heilsuveru og fari í hefðbundið próf,“ segir hún.

Að hennar sögn er hægt að bóka hraðpróf hjá Heilsugæslunni en þar kostar þjónustan um fjögur þúsund krónur en tæplega sjö þúsund krónur hjá einkaaðila. Hraðprófin sem Lyfja hefur hug á að bjóða upp á séu umtalsvert ódýrari enda er um sjálfspróf að ræða. Lyfja muni ekki selja hraðprófin fyrir en svör hafi fengist frá ráðuneytinu.

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnaráðherra, sagði við Vísir í gær að það hafi verið til skoðunar að taka hraðpróf í gildi aðspurður um yfirlýsingu Samtaka atvinnulífsins. Í henni kom fram að það að setja heilu bekkina eða árganga í skólum í sóttkví og jafnvel foreldra barna greinist einn smitaður, gangi ekki til lengdar. ■

Sjónmælingar eru okkar fag



Tímamantanir á opticalstudio.is og í síma 511 5800

Optical Studio  
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK



# Nýja kynslóðin í sturtuklefum!

Engar skrúfur,  
ekkert sílikon!



Fast-fix sturtuklefi  
með smellukerfi

80x80 cm og 90x90 cm

\*blöndurnartæki seld sér

Ármúli 31 | 588 73 32 | i-t.is  
Virka daga 9-18 | Laugardaga lokað

**INNRETTINGAR  
& TÆKI**





Af tindi Háhyrnu er frábært útsýni yfir jökulskjöld Tungnafellsjökuls, Vonarskarði og Bárðabungu.

## Tindrandi Tungnafellsjökull



**Tómas Guðbjartsson** hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi.



**Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari.

Norðvestur af Vatnajökli, nánast í miðju landsins, er smár en snotur jökull, Tungnafellsjökull. Hann er kenndur við fjallið Tungnafell (1.392 m), sem liggur rétt norðan hans, en 48 ferkílómetra jökulhettan þekur öskju gamallar megineldstöðvar. Við barma öskjunnar vestan megin er hæsti tindurinn, Háhyrna, 1.540 m á hæð, sem sést vel af Sprengisandsleið. Vestan öskjubarmsins teygir sig síðan 10 km langur og 5-6 km breiður jökulskjöldur. Hann er tiltölulega lítið sprunginn og er því auðveldur yfirferðar, en varast ber suðurhlíðarnar ofan Nýjadals sem eru bæði brattar og skörðóttar.

Það er frábær skemmtun að ganga á hæsta tind Tungnafellsjökuls og það má gera án jöklabúnaðar sé ekki lagt á jökulinn sjálfan. Tilvalið er að gista í skálum Ferðafélags Íslands í Nýjadal eða slá þar upp tjaldi. Ekið er á jeppa yfir Nýjadalsá, sem oftast er þægileg yfirferðar en getur vaxið hratt í rigningu. Skammt norðan árinna er Tómasarhagi þar sem tilvalið er að hefja gönguna. Þetta er vinaleg gróðurvin skammt frá jöklinum sem stingur skemmtilega í stúf við svarta sandana í kring. Haginn er kenndur við Tómas Sæmundsson en 1835 villtist hann af leið sinni suður Sprengisand og kættist mjög þegar hann sá gróður þar sem hann gat beitt hestum sínum. Séra Tómas var líkt og Jónas Hallgrímsson, Baldvin Einarsson og Jón Sigurðsson, einn af helstu frelsishetjum Íslendinga á 19. öld og kölluðust Fjölnismenn. Eftir andlát Tómasar 1841 orti Jónas ljóðið Tómasarhaga, sem heldur nafni hagans á lofti:

*Tindrar úr Tungnafellsjökli  
Tómasarhagi þar,  
algrænn á eyðisöndum  
er einn til fróunar.  
Veit ég áður hér áði  
einkavinurinn minn.  
Aldrei riður hann oftar  
upp í fjallhagann sinn.*

Flestir ganga yfir Tómasarhaga að hlíðum Háhyrnu sem oft eru snævi þaktar efst. Fylgt er stikum svo hlífa megi viðkvæmum gróðri. Einnig má hefja gönguna norðar við Hagakvíslar og þræða öskjubarminn í suðaustur. Er þá gengið með fram skriðjökli sem heitir Hagajökull en handan hans er tilkomumikið Fagrafell. Á Háhyrnu sést vel yfir Sprengisand og Tungnafellsjökul alveg að Vonarskarði og Bárðabungu. Í vesturátt blasir Hofsjökull við og sunnar Þjorsárver, Kerlingarfjöll og fagurlega formaðar Hágöngur. Flestir ganga sömu leið til baka en sprækt göngufólk getur í tveggja daga ferð með allt á bakinu þverað jökulinn að Vonarskarði, skoðað það og síðan gengið aftur að skálum Ferðafélagsins í Nýjadal. ■



Hjólreiðafólk á leið yfir Hagakvíslar með Tungnafellsjökul í baksýn.

MYNDIR/ÓMB



Tveir Tómasar í Tómasarhaga sem kenndur er við Fjölnismanninn og nafna þeirra Sæmundsson.



# 30%

## AFSLÁTTUR

### MEÐ VILDARKORTI LINDAR



hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



DORMA



VÍDD



**Húsgagnahöllin:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Betra bak:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Dorma:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Flügger:** 30% afsláttur af allri innimálningu. **S. Helgason:** 30% afsláttur af öllum borðplötum. **Parki:** 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. **Z brautir og gluggatjöld:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Vídd:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Húsasmiðjan:** 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. **ATH!** Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

**Jón og Gunna** eru ungt par sem keyptu sína fyrstu íbúð nýlega. Íbúðin þarfaðist viðhalds og þeim vantaði ný húsgögn, rúm og gardínur.

Þau máluðu íbúðina, skiptu um gólfefni, tóku baðherbergið í gegn og skiptu um blöndunartæki.

MEÐ VILDARKORTINU SPÖRUÐU ÞAU:

**687.368 kr.**

**Jónína** er kona á besta aldri keypti nýja íbúð. Þar vantaði öll ljós, parket og gardínur. Einnig keypti hún nýjan sófa í Húsgagnahöllinni þar sem gamli sófinn var of stór.

Hún keypti allt sem hana vantaði, viðarparket, fallegar gardínur og screen, borðstofuborð, stóla og sófa.

MEÐ VILDARKORTINU SPARAÐI HÚN:

**458.978 kr.**

**Borgþór og Aníta** eru hjón um fimmtugt. Þau keyptu gamalt einbýlishús sem þarfaðist yfirhalningar. Þau tóku húsið meira og minna í gegn, skiptu um öll gólfefni, endurnýjuðu tvö baðherbergi, spórtsluðu og máluðu allt húsið, settu granítborðplötur á eldhúsið og annað baðherbergið, skiptu út öllum gardínum og keyptu sér að lokum nýtt rafmagnsrúm í Betra bak.


MEÐ VILDARKORTINU SPÖRUÐU ÞAU:

**1.442.500 kr.**

**LIND**  
FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4 · Kópavogi  
s. 510 7900 · FASTLIND.is

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**



ÞEKKING OG REYNSLA · frittverdmat.is · nyjaribudir.is





# BAUHAUS®



**LAGER-  
HREINSUN**

## 40-70%

**AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM  
GARÐHÚSGÖGNUM**


MÍÐAÐ VIÐ ALMENNT  
VERÐ



ÞAR SEM  
PETTA ER  
LAGERHREINSUN  
ER EKKI VÍST AÐ  
ALLAR GERÐIR  
ERU TIL OG GÆTU  
SELST UPP Á MEÐAN  
LAGERHREINSUN  
STENDUR



**Komdu og sjáðu  
úrvalið í vöruhúsinu**



**LAGER-  
HREINSUN**

## 30%

**AFSLÁTTUR  
AF SÓLSELLU-  
LJÓSUM**

MÍÐAÐ VIÐ ALMENNT  
VERÐ





MÁNUDAGA-FÖSTUDAGA KL. 8:00-19:00  
LAUGARDAGA KL. 10:00-18:00  
SUNNU- OG HELGIDAGA KL. 10:00-18:00

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - 515-0800

Tilboðið gildir eingöngu frá fimmtudeginum 19. ágúst til og með sunnudeginum 22. ágúst.



Fáðu nýjar hugmyndir og deildu þínum á:

#alltbyrjaribauhaus



### Gasgrill Q3200

2 brennarar, 6,36 kW. Grillflötur 63 x 46 cm.

Grillgrind úr porselíngrerungshúðuðu steypujárni.

Rafrænn kveikjari. Innbyggður hitamælir. Lok og

botn úr áli. Opinn vagn.



Yfirbreiðsla .....9.995.-

**Kjarakaup**

**79.895.-**

~~84.995.-~~



# Hættan



Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb  
@frettabladid.is

Samkvæmt nýlegri könnun er fjórðungur þjóðarinnar haldinn kvíða vegna Covid. Ekki er að búast við öðru en að langvarandi höft og lokanir hafi áhrif á andlega heilsu landsmanna, svo ekki sé talað um hræðsluáróðurinn sem stöðugt dynur yfir og dregur mátt úr mörgum.

Nú þegar Íslendingar eiga nánast heimsmet í bólusetningum við Covid þá ætti frelsi landsmanna að vera í samræmi við það. Svo er þó alls ekki. Meðan grímuskylda er afnumin hjá öðrum Norðurlandþjóðum er henni viðhaldið hér á landi. Á fótboltavöllum koma þar þúsundir saman án grímu meðan hér á landi eru fjöldatakmörkanir og grímuskylda undir berum himni. Hér á landi er ætlast til að fólk sitji með grímur í leikhúsi og á tónleikum án hlés. Hver er eiginlega skemmtunin í því að sitja í sal með fólki þar sem allir eru með grímu og líta út eins og zombíur? Samt eru einhverjir sem láta bjóða sér þetta. Aðrir kjósa fremur að sitja heima og dunda við að skipuleggja menningarferðir eða ferð á knattspyrnuleik til erlendra borga þar sem frelsið býr.

Þegar búið var að bólusetja stóran hluta dönsku þjóðarinnar sagði ferðamálaráðherra Danmerkur að nú væri verið að snúa aftur til hins hefðbundna lífs. Hér á landi fór allt í baklás vegna smita sem hafa ekki gert að verkum að aragrúi fólks er að berjast við alvarleg veikindi. Staðreyndin er sú að eftir bólusetningar veikjast fáir illa og enn eru engin dauðsföll. Hér ríkir ekki hættuástand.

Ef það væri svo að heimurinn hefði fram að þessu verið laus við veikindi og dauða þá væri allt þetta fár vegna smita ofur skiljanlegt. Sjúkdómar og dauði hafa hins vegar alltaf fylgt mannkyninu og munu gera áfram. Það liggur í augum uppi að bólusetningar duga ekki til að breyta þeirri staðreynd. Covid tekur sinn toll eins og aðrir pestir, en ekki er hægt að skella öllu endalaust í lás þess vegna.

Ótal sinnum hefur verið tuggið ofan í þjóðina að hún verði að lifa með Covid. En um leið og smit greinast þá eru viðvaranir gefnar út, fjöldinn allur af einkennalausum fólki dæmt í sóttkví dögum saman og fjöldatakmörkunum og grímuskyldu er viðhaldið.

Það er nokkuð langt síðan sóttvarnaryfirvöld og ríkisstjórn hafa sent þau skilaboð til þjóðarinnar að stefnt sé að eðlilegu lífi í landinu. Það er nánast eins og yfirvöld séu farin að líta á óeðlilegt ástand sem eðlilegt og ætlist beinlínis til að aðrir séu sömu skoðunar. Einmitt þar býr hættan. ■

Það er nánast eins og yfirvöld séu farin að líta á óeðlilegt ástand sem eðlilegt.

## Halldór



## Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

### Sundrun og sameining

Áhugavert var að fylgjast með umræðum Bjarna Benediktssonar og Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur í þættinum Pólitíkin með Páli M. í gærkvöldi, sérstaklega í ljósi þess að tiltölulega stutt er síðan þau voru samherjar. Gjáin á milli þeirra endurspeglar hvað það er jákvætt að stofnaðir séu nýir flokkar í stað þess að vera á öndverðum meiddi í stórum málum. Á sama tíma mættu flokkar sameinast þegar stefnumálin eru orðin þau sömu. Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavíkurborg má taka þetta sérstaklega til sín enda tveir til þrjár flokkar þar á ferð. Það sama á við um Pírata og Samfylkinguna. Gefum Framsókn og Miðflokki tvennar kosningar í viðbót til að jafna sig.

### Áætlun skattsins

Landsmenn sátu niðursokknir í lestri á tekjublöðunum í gær, sumir með bros út í annað, aðrir með hnút í maganum yfir fíflinu frá menntaskólaárunum sem virðist gera það gott. Það er ekki allt sem sýnist í þessum efnun. Til dæmis er líklegt að 4 milljónir af tæpum 6 milljónum Davíðs Oddssonar séu eftirlaun úr borginni, ríkisstjórn, Alþingi og Seðlabanka. Svo má gera ráð fyrir að 4 milljóna króna mánaðarlaun Björns Inga Hrafnssonar séu áætlaðar, ekki að hann hafi fengið eina krónu á spurningu á upplýsingafundum almannavarna. ■

## Þjónustuvæðing heilbrigðiskerfisins



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir  
formaður  
Viðreisnar.

Fáar ef nokkrar ríkisstjórnir hafa haft jafnt viðtækt og skýrt umboð til stuðnings heilbrigðiskerfinu og þessi sem nú situr. Allir flokkar fyrir síðustu kosningar hétu því að styrkja heilbrigðiskerfið. Allir. Samt er það þannig að biðlistar hafa aldrei verið lengri eða fleiri en nú. Það er jafnvel eitt helsta „afrek“ ríkisstjórnar á þessu sviði. Og fyrir þau okkar sem viljum gjarnan geta lifað með veirunni og fá það frelsi sem því fylgir, virðist sú leið torfærari en ella vegna þess að ríkisstjórnin var ekki búin að vinna heimavinnuna sína. Ábendingum er frekar mætt með ólund og útúrslunum. Því bara sagt að hlaupa hraðar. Fyrir sem eftir veiru.

Ríkisstjórnin hefur komið því fyrir að margra mánaða bið er eftir talmeinafræðingum, sálfræðingum, sjúkrapjálffurum, heilsugæslulæknum, hjúkrunarrýmum, liðskipta- og mjaðmaaðgerðum. Svo ekki sé minnst á biðina eftir niðurstöðum úr leghálsskimunum og allri þeirri vanlíðan fyrir konur sem fylgir þeirri furðulegu stjórnsýslu ríkisstjórnarinnar. Í stað forgangsroðunar um að styrkja þær stöðir sem fyrir eru leggur ráðherra síðan í miðju kófinu áherslu á nýja ríkisstofnun.

Fókúsin á heilbrigðiskerfið að vera þjónustuvæðing þess. Að tryggja að við öll höfum jafnan aðgang og allir kraftar séu virkjaðir til að auka lífsgæði og vellíðan, líkt og þekkt á Norðurlöndum. Það þýðir öflugt opinbert heilbrigðiskerfi um land allt, samhliða einkarekstri sem styður við heilbrigðisþjónustu fyrir okkur öll og gróskumikið starfsumhverfi.

Þess í stað þess ræður allt að því kreddufull hugmyndafræði för og allir ríkisstjórnarflokkarnir láta gott heita. Tillögur okkar í Viðreisn, eins og um greiðari aðgang að sálfræðiþjónustu, minni biðlista á hinum ýmsu sviðum eða skýrari forgangsroðun fjármuna fyrir heilbrigðiskerfið, hafa allar verið felldar eða ekki fengist ræddar. Sama hversu margar greinar eru nú skrifaðar af nývöknudum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins þá skiptir það litlu. Heilbrigðisráðherraefni Sjálfstæðisflokksins kemur frá Vinstri grænum. Og lítið mun breytast. ■







FORLAGIÐ

Alltaf opið á [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

FIMMTUDAGUR 19. ágúst 2021



Það er gaman og umhverfisvænt að endurvinnna gamlar flikur í skápnum.

## Breyttu, en ekki kaupu

johannamaria@torg.is

Hver á ekki flik sem var keypt af því að kannski myndi hún passa þegar fáein aukakíló væru farin? Kannski var ætlunin að þrengja flikina af því að efnið var eitthvað svo sjarmerandi? Mörg eiga svo flikur frá ömmum og öfum sem passa ekki fullkomlega en ýmislegt væri hægt að gera við. Svo eigum við örugglega flest hundleiðinlega peysu inni í skáp sem við höfum notað allt of oft og mætti alveg fara í gegnum endurnýjun lífdaga.

### Námskeið fyrir lífstíð

Kvenfélagsamband Íslands og Leiðbeiningastöð heimilanna bjóða upp á stórsniðuga vinnu-smiðju 25. ágúst og 2. september. Þátttakendur mæta í eitt skipti í fjórar klukkustundir, með 1-2 flikur úr skápnum. Í smiðjunni er farið í hugmyndaflæði við hverja flik og allir hjálpast til við að finna skemmtilegar lausnir á breytingum. Þegar hugmynd að breytingu er komin fer hver og einn í að breyta flikinni. Úr verður ný og einstök notuð flik. Leiðbeinandi á námskeiðinu er Sigríður Tryggvadóttir sem er saumakona úr Kópavogi og rekur þar Saumahorn Siggú. Hún leggur áherslu á endurnýtingu gæðaefna og fata-breytingar.

Markmiðið er að þátttakendur virki eigið hugmyndaflæði og öðlist sjálfstraust til að halda áfram, þegar námskeiði lýkur, að endurnýta og breyta flikum í fata-skápnum í stað þess að losa sig við þær. ■

Góður liðsfélagi  
í dagsins önn



EYLÍF

Heilsan er dýrmætust  
[www.eylif.is](http://www.eylif.is)



Guðbjörg Þóra flutti ung til London þar sem hún lærði fatahönnun. Hún stefnir á að búa þar áfram og vinna við fagið.

MYNDIR/ADSENDAR

# Efnin eru saga um umhverfi mitt

Guðbjörg Þóra Stefánsdóttir útskrifaðist í vor frá Central Saint Martins með gráðu í fatahönnun með áherslu á textíl og prenthönnun. Í lokaverkefni sínu óf hún sjálf sinn eigin textíl. Innblásturinn fékk hún frá hlutum sem höfðu áhrif á hana sem barn. **2**





Sandra Guðrún  
Guðmundsdóttir  
sandragudrun  
@frettabladid.is

Guðbjörg flutti rétt fyrir tvítugt til London með það að markmiði að hefja nám í Central Saint Martins-skólanum. Hún ólst upp í kringum vefnað og textil og segir þann heim því aldrei hafa verið sér ókunnuglegur.

„Ég var með það markmið þegar ég flutti út að fara í þennan skóla en vissi samt ekki 100% hvað ég vildi læra. Það þróaðist svo þannig að ég fór í fornám og komst svo inn í þetta nám.“

Guðbjörg lauk BA-gráðu í vor í fatahönnun með áherslu á textil. Hún segir að í náminu sé textilhönnunin mjög frjáls. Sumir nemendur einbeita sér aðallega að prenthönnuninni en margir búi til textilinn sjálfir líkt og hún.

„Ég óf efnin mín sjálf í lokaverkefninu. Samt ekki í allar flíkurnar því það hefði tekið mörg ár. En það var partur af minni rannsóknarvinnu í lokaverkefninu að búa til ofin efni,“ segir hún.

Guðbjörg notaði alls kyns efnivið í efnin. Hún vann part af loka-verkefninu á Íslandi vegna Covid og því var erfiðara að nálgast efnivið en ella, en hún notaði hugmyndaflogið, horfði í kringum sig og notaði það sem hún átti til.

„Ég hef mikið unnið með útsaum og vildi að efnið liti út eins og það væri útsaumur í því. Ég óf því perlur og fjaðrir inn í efnið. Þetta varð svolítið í þrívídd,“ útskýrir hún.

Guðbjörg segist hafa fengið hugmyndir af eignum út frá rannsóknarvinnunni sinni fyrir verkefnið. Rannsóknarvinnan snerist meðal annars um að skoða hluti sem hún átti þegar hún var lítil.

„Þetta eru hlutir sem skipta engan annan máli. Svona skrytnir hlutir sem maður horfði á hversdagslega en var ekkert mikið að spá í samt,“ segir Guðbjörg.

„Ég horfði á hlutina og tengdi þá við ákveðna minningu eða fór að hugsa um ákveðinn stað. Þannig að efnin eru saga um umhverfið mitt. Í verkefninu mínu áttu efnin, formin og litirnir að standa fyrir tilfinningar og minningar sem var ein helsta rannsóknarvinnan.“

Litirnir í útskriftarverkefni Guðbjargar eru mjög bjartir og skærir. Guðbjörg segist alltaf hafa verið mjög litrík í sér, kannski ólíkt mörgum Íslendingum.

„Ég hef alltaf leitað mikið í liti. Það er ákveðin þerapía í litum og formi. Ég tengi liti við tilfinningar. Litir fyrir mér eru miklar tilfinningar. Þetta varð þess vegna mjög litríkt verkefni.“

#### Notaði stafrænan vefstól

Guðbjörg notaði tvær tegundir vefstóla til að vefa efnin. Annars vegar stafrænan vefstól sem er staðsettur



Efnin, formin og litirnir standa fyrir tilfinningar og minningar Guðbjargar.

Guðbjörg stefnir að sýningu á tiskuvíkunni í London í september en þar ætlar hún að sýna einfaldari og söluvænni flíkur.



„Ég hef alltaf leitað mikið í liti. Það er ákveðin þerapía í litum og formi. Ég tengi liti við tilfinningar. Litir fyrir mér eru miklar tilfinningar. Þetta varð þess vegna mjög litríkt verkefni.“

Guðbjörg Þóra Stefánsdóttir.


á Textílmíðstöðinni á Blönduósi og hins vegar hefðbundinn vefstól.

„Þegar ég nota stafræna vefstólinn þá bý ég mynstrið til í Photoshop. Þá get ég eiginlega gert hvað sem er. Ég set það svo inn í tölvu sem er tengd vefstólnum. Vefstóllinn les mynstrið og býr til loka-bindimynstrið fyrir mig,“ útskýrir Guðbjörg.

„Þetta er mjög skemmtileg tækni og ótrúlega gaman að geta gert í rauninni hvað sem ég vil í vefstól. Ég stjórna samt vefstólnum sjálf, en það er hægt að gera mun flóknari hluti en í hefðbundnum vefstól. Þennan vefstól notaði ég til



Guðbjörg Þóra óf perlur og fjaðrir í efnið.



Guðbjörg notaði mikið af björtum litum í efnin sem hún óf. MYNDIR/ADSENDAR

að gera mynstur sem ég var búin að hanna. En þegar ég notaði hefðbundna vefstólinn þá var eiginlega ekkert planað. Ég var með ákveðna hugmynd af því sem ég vildi og bjó til prufur áður en ég gerði efnin, en svo gerði ég í raun bara það sem mér datt í hug á staðnum.“

#### Sýnir á tiskuvíku í september

Guðbjörg er núna að þróa loka-verkefnið áfram og er byrjuð að þróa ný efni og textil. Hún er svo að fara að sýna á tiskuvíkunni í London í september svo það er nóg að gera. Hún segir planið að vera áfram í London og vinna í tísku- og textílgeiranum.

„Markmiðið með sýningunni í september er að gera hluti sem eru söluvænni en það sem ég gerði í lokaverkefninu. Ég er að nota mynstrin úr lokaverkefninu og vinn nú að því en gera einfaldari flíkur sem hægt er að selja og nota hversdagslega,“ segir Guðbjörg.


„Mig langar að biða með að fara í mastersnám og er að skoða atvinnutækifæri. Ég hef til dæmis áhuga á að prófa búningahönnun. Ég ætla svo með fram vinnu að reyna að gera mína eigin hluti,“ bætir hún við og ljóst er að framtíðin er björt hjá þessari ungu konu sem ekki skortir hæfileikana. ■

## SÆBJÚGNAHYLKI +D3 FYRIR HEILSUNA

Arctic Star sæbjúgnahylki+D3 innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum og eru þekkt fyrir:



Arctic Star



- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húð- próteins og insúlíns
- Stuðla að eðlilegri upptöku kalsíums og fosfórs
- Stuðla að viðhaldi beina, tanna og vöðva
- Stuðla að bættari starfsemi ónæmiskerfisins
- D-vítamín hefur hlutverki að gegna við frumskiptingu.

#### ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA,

Framleiðandi er Arctic Star ehf.

Allar nánari upplýsingar fast á

www.arcticstar.is

Arctic Star Sæbjúgnahylki +D3

Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum, Hagkaupum, og Fjarðakaup.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is

Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618





CASTELLI

TRI VERSLUN  
TRI VERKSTÆÐI  
TRI VEFVERSLUN



# ÚTSALA

- allt að 70% afsláttur -

## WWW.TRI.IS

\*Sendingarkostnaður fellur niður ef verslað er fyrir 10.000kr eða meira!



DT SWISS

DT SWISS

TRI VERSLUN  
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík  
Sími: 571-8111 Netfang: info@tri.is

Verslunin er opin:  
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00  
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00



# Tjáningarfrelsi í förðun



Sigríður Inga Sigurðardóttir  
sigriduringa@frettabladid.is

Kolbrún Anna Vignisdóttir útskrifaðist sem förðunarfræðingur vorið 2019 og hefur starfað við förðun upp frá því. Hún segir að í haust verði enginn einn litur mest áberandi.

Eftir að Kolbrún Anna lauk prófi sem förðunarfræðingur frá Make-up Studio Hörpu Kára hefur hún haft í nógu að snúast og tekist á við mörg spennandi verkefni. Hún segir að frá unga aldri hafi förðun heillað hana.

„Alveg frá því að ég var krakki hef ég þælt mikið í allri útlitslegri umgjörð í kvikmyndum, auglýsingum og í raun flestu því sem fangar augað. Ég byrjaði ung að fíkta í málningardótinu hennar mömmu til að reyna að herma eftir hinum ýmsu karakterum,“ segir Kolbrún Anna, sem hefur mest unnið í sjónvarpi.

„Ég vinn núna á förðunardeildinni hjá RÚV. Svo hef ég einnig tekið að mér að farða fyrir auglýsingar, ýmsa viðburði, myndabætti, tónlistarmyndbönd og tiskusýningar,“ greinir hún frá.

**”Það virðist allt vera í tisku þegar kemur að litum um þessar mundir og mikið um augnblyanta í öllum regnbogans litum.**

Kolbrún Anna Vignisdóttir.

**Augnblyantar í litum regnbogans**  
Nú þegar sumri er tekið að halla eru haustlitirnir í förðun farnir að streyma í verslanir. Þegar Kolbrún Anna er spurð hvaða litir verði vinsælir í haustförðuninni í ár segir hún að í raun sé enginn einn litur mest áberandi.

„Það virðist allt vera í tisku þegar kemur að litum um þessar mundir og það virðist ekki vera nein breyting þar á. Mikið er um augnblyanta í öllum regnbogans litum og grafísk form eru áberandi. Það er svo skemmtilegt að sjá fjölbreytileikann og tjáningarfrelsið þegar kemur að förðun,“ segir hún og bendir á að á sumrin sé frískleiki í fyrirrúmi og léttari farði meira áberandi en á veturna.

„Það er líka mjög fallegt að sjá freknur skína í gegn og leyfa frísklegri og sólkysstri húð að njóta sín. Á haustin er oft algengt að sjá dekkri varaliti og augnskugga í takti við skammdegið,“ segir Kolbrún Anna.

## Sólarvörn skyldueign

Þegar Kolbrún Anna er spurð hvað hún sé alltaf með í snyrtiveskinu sínu segir hún glettnislega að sennilega leynist þar allt of mikið af alls konar snyrtivörum og förðunarvörum.

„En það sem ég nota mest er farði, sólarpúður, kinnalitur, augnabrunablyantur, maskari, augnblyantur og gloss. Sú snyrtivara sem ég gæti ekki verið án er klárlega sólarvörn. Ég nota sólarvörn á hverjum degi, allan ársins hring, og sé mikinn mun á húðinni eftir að ég tók mig á í þeim efnum. En sú förðunarvara sem mér finnst að mikilvægt að eiga er Chanel Water Tint, sem er í miklu uppáhaldi hjá mér. Um er að ræða virkilega léttan, gelkenndan og ljómandi farða,“ segir Kolbrún Anna. ■




Förðun hefur lengi heillað Kolbrúnu Önnu. Hún var ung að aldri þegar hún byrjaði að fíkta í málningardóti móður sinnar.  
**MYNDIR/ÁSENDAR**



Kolbrún Anna segir grafísk form vera áberandi í augnförðun haustsins.



Kolbrún sýnir á þessum myndum mismunandi liti í augnförðun.



Kolbrún notar sólarpúður, kinnalít, augnabrunablyant, maskara og gloss.



# Netverslun

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 19. ágúst 2021

Kynningar: Rubix, Pósturinn, Valitor, Netgíró, Dropp, YAY



Að sögn Jóhanns nýtur Rubix á Íslandi góðs af því að vera hluti af stóru alþjóðlegu apparati og getur boðið viðskiptavinum sínum upp á betri og hraðari þjónustu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Netverslun Rubix sparar tíma og peninga

Rubix er einn helsti þjónustuaðilinn hér á landi þegar kemur að orkufrekum iðnaði, sjávarútvegi, þjónustuverkstæðum og byggingariðnaði ásamt fleiru. Rubix er þar með stærsti sölu- og dreifingaraðili í Evrópu á iðnaðar- og rekstrarvörum ásamt tengdri þjónustu og tæknilausnum. [2](#)





Jóhann Benediktsson er framkvæmdastjóri Rubix á Íslandi. Að hans sögn er netverslunin ört stækkandi þjónustuleið fyrirtækisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Rubix samstæðan er ört vaxandi fyrirtækjasamstæða og byggir á áratuga gömlum fyrirtækjum. „Fyrsta vörumerkið sem Rubix tók yfir var fyrirtæki stofnað á þriðja áratugnum í kringum leðurólar til að þræða um hjólapedala svo menn kæmst hraðar yfir. Rubix samstæðan býr, eins og sést, yfir gríðarlegri reynslu og þekkingu sem skapast hefur í hinum ýmsu fyrirtækjum og geirum sem þeir hafa tekið yfir og innlimað í sinn rekstur. Starfsstöðvar fyrirtækisins eru allar í Evrópu en fyrirtækið er í samstarfi við framleiðendur um allan heim,“ segir Jóhann Benediktsson, framkvæmdastjóri Rubix á Íslandi.

Rubix er evrópsk fyrirtækjasamstæða með starfsstöðvar í 23 löndum. Þá eru rúmlega 8.000 starfsmenn og veltan er um 2,5 milljarðar evra árlega. „Við njótum góðs af því að vera hluti af þessu stóra alþjóðlega apparati sem Rubix er. Það gefur okkur greiðan aðgang að sérfræðingum, vöruhúsum og birgjum Rubix um allan heim sem við getum nýtt þegar kemur að sölu varahluta, viðgerðarþjónustu, iðnaðarsjálfsölum, tækniástoð og öðru. Hér á landi erum við með um 20.000 vörur á lager sem hægt er að senda hvert á land sem er samdægurs eða daginn eftir. En að auki höfum við greiðan aðgang að stórum erlendum vöruhúsum samstæðunnar sem liggja með töluvert stærri lager en hægt er á Íslandi. Því getum við útvegað fyrirtækjum vörur með stuttum fyrirvara,“ segir Jóhann.

#### Þróast á íslenskum markaði

„Við höfum byggt okkur upp í kringum stóriðjuna og erum meðal annars einn af stærstu þjónustuaðilum þar. Einnig erum við með mikið af vörum fyrir sjávarútveginn sem er ört stækkandi markaður hjá okkur. Þá höfum við alltaf þjónustað þjónustuaðila og

vélaframleiðendur á Íslandi og þá sem eru að smíða búnað til að nota hér eða selja úr landi. Mörg íslensk fyrirtæki eru að gera mjög áhuga-verða hluti, en hafa sökum smæðar sinnar ekki aðgang að stórum aðilum úti í heimi. Í gegnum Rubix geta þessi fyrirtæki haldið framleiðslulínum sínum gangandi.

Íslenski markaðurinn er lítill miðað við sambærilegan markað í Evrópu og hér höfum við þróast á þann veg að bjóða upp á þjónustu fyrir allt frá stórum fyrirtækjum til smærri fyrirtækja sem og einstaklinga. Það hafa allir aðgang að verslun við Rubix og til þess að auka aðgengið höfum við flutt verslun okkar á Dalveginn, nær samkeppninni, þar sem þunga miðja þessa markaðar er staðsett.“

#### Þú færð allt í kaupfélaginu

Markaður Rubix er að stærstum hluta fyrirtækjaþjónusta þar sem þörfum stærri og minni fyrirtækja á Íslandi er sinnt um afar víðtæka þjónustu. „Við erum hálfgerð kaupfélag fyrir þennan markað þar sem við bjóðum upp á allt sem fyrirtækið þarfnast á einum stað,“ segir Jóhann.

Rubix stæfir sig af því að bjóða upp á breiða línu af vörum á afar breiðu verðbili. „Við erum til dæmis dreifingaraðili fyrir framleiðendur sem eru þekktir fyrir gæði eins og Helly Hansen Workwear, en svo bjóðum við einnig upp á ódýrari vörumerki eins og Portwest. Þá erum við með þekkt vörumerki fyrir mál- og vélsmiði; legur, mótora og drifbúnað; loft- og vökvabúnað, hand-, rafmagns- og loftverkfæri; Vinnufatnað og öryggisvörur, stiga, vinnupalla og tengdan búnað; efnavörur, lím, límbönd og festingar, suðuvörur og svo vörur fyrir viðhald og viðgerðir. Þar má nefna: SKF, Parker, SMC, IMM, Pedrollo, Rust-Oleum, 3M og fleiri.

Rubix er að auki með sex eigin

## Við bjóðum fyrirtækjum upp á sanngjörn verð og góða samninga og í staðinn geta fyrirtæki einbeitt sér að sinni eigin framleiðslu.

Jóhann Benediktsson.

vörumerki sem eru framleidd í samstarfi við þekkt framleiðendur. Vörumerkin eru GISS, Roebuck, Cutline, Lönne, Mecaline og Spartex. „Þarna erum við í beinum samskiptum við framleiðendur sem við vitum að eru mikil gæði á bak við. Með þessu samstarfi erum við að skera burt milliliði og bjóða í staðinn upp á gæðavöru á enn betra verði,“ segir Jóhann.

#### Netverslun sífellt mikilvægari

Netverslun Rubix á Íslandi og erlendis er ört stækkandi þjónustuleið. „Það var alltaf markmiðið hjá samstæðunni að færa starfseminna æ meira yfir á þennan vettvang og nýta þá kosti sem hann býður upp á fyrir okkur, sem og fyrirtækin sem við þjónustum. Þegar Rubix ákvað að setja nýja vefverslun í loftið og sameina 23 lönd, vorum við fengnir til að opna fyrstu netverslunina. Í dag erum við komin með yfir 100.000 vörunúmer til sölu í netversluninni og á síðustu 8 mánuðum höfum við aukið vöruúrvalið á netsíðunni um

80.000 vörunúmer og munum við halda þeirri þróun áfram. Þá eru stærri löndin komin með allt að því þrefalt magn í sínar vefverslanir, sem okkar viðskiptavinir geta fundið, og við útvegað með skömmum fyrirvara.

Við erum ekki stærstir eða öflugastir í vefverslun á Íslandi. Þar eru sérhæfðari sölu- og dreifingaraðilar okkur sterkari. En við megum eiga það að við erum með breiðustu vörulínurnar í samanburði við samkeppnisaðila og er það kostur sem seint verður vanmetinn.“

#### Ekki bara netverslun

Netverslun Rubix er að sama skapi mun meira en einföld netverslun. „Þjónusta okkar gengur einnig út á að bjóða upp á aðgangsstýringu og samþykktarferli fyrir fyrirtæki í gegnum netverslunina, óski þau eftir því. Þá setjum við upp aðgang að pöntunarkörfu fyrir fyrirtæki sem aðilar innan hvers fyrirtækis fyrir sig hafa aðgang að. Þú ert kannski með tíu aðila sem panta inn vörur hjá okkur og setja í innkaupakörfu fyrirtækisins. Svo er fyrirtækið með einn aðila sem fer í gegnum allar þessar vörur og samþykkir. Þetta kemur í veg fyrir að menn séu ómeðvitað að panta það sama eða allt of mikið af einhverju.

Það er líka kostur að vörurnar koma allar saman í einni sendingu. Þannig sparast bæði sendingarkostnaður og úmsýsla. Þá er hægt að tengja fyrirtæki þannig að þau noti eigið tölvukerfi til að byrja ferlið og búa til beiðnina, sem færast svo yfir í okkar kerfi og fer svo að lokum aftur í kerfi viðskiptavinarins. Með þessu þá er rekjanleikinn og stjórnun algjörlega hjá fyrirtækjunum. Stærri fyrirtæki hafa tekið svona tengingar upp og eru ánægð með þær.

Þessar stýringar gefa fyrirtækjum af öllum stærðargráðum möguleika á að setja innkaupaferla

í ákjósanlegt form og fylgjast betur með því sem er verið að kaupa inn.“

#### Umsamið verð er umsamið verð

„Það er gríðarlega mikilvægt fyrir fyrirtæki, sérstaklega af stærri gerðinni, að vera í viðskiptum við aðila sem getur útvegað allt sem er nauðsynlegt fyrir reksturinn. Það sparar tíma, flutningskostnað og óþarfa utanumhald. Þau fyrirtæki sem hafa byrjað að nota netverslunina hjá okkur kunna að meta hvað ferlið er einfalt og straumlínulagað.


Ef um er að ræða stór viðskipti þá festum við inn verð og afsláttarflokka sem spara okkur og þeim tíma, sem annars færi í að biðja um tilboð. Við erum búnir að semja um verðið og það er verðið sem þú færð. Það er engin óvissa. Það er dýrt að vera með starfsmann í því að panta inn, eltast við mismunandi dreifingaraðila og semja um verð. Við bjóðum fyrirtækjum upp á sanngjörn verð og góða samninga og í staðinn geta fyrirtæki einbeitt sér að sinni eigin framleiðslu.“

#### Vörulisti á netinu

Netverslunin gegnir einnig öðrum mikilvægum tilgangi sem upplýsingaveita. „Viðast hvar hefur ítarupplýsingum eins og tækniupplýsingum verið bætt við í upplýsingar um vöruna. Þetta geta sérfræðingar sem eru að leita að vörum nýtt sér til að finna gagnlegar upplýsingar eins og stærð, gerð, efnasamsetningu og margt fleira. Það er auðvitað misjafnt eftir flokkum hversu mikið er komið inn af upplýsingum en stefnan er að gera allar vöruupplýsingar aðgengilegar á vefnum.“ ■

Nánari upplýsingar má nálgast í vefverslun Rubix is.rubix.is eða www.rubix.is.





Kristín Inga Jónsdóttir, forstöðumaður markaðsdeildar Póstsins, segir Póstinn leggja áherslu á að mæta kröfum neytenda um hraða og góða þjónustu enda sé dreifikerfið þétt sem og sveigjanleiki til að bregðast við óskum og þörfum viðskiptavina.

MYNDIR/ÁSENDAR

## Spennandi tímar hjá Póstinum

Það er margt spennandi í pipunum hjá Póstinum þessa dagana en allt snýr það að okkar helsta kappsmáli sem er að mæta breyttum þörfum á markaðnum með hraðari þjónustu og öflugri sendingarleiðum, segir Kristín Inga Jónsdóttir, forstöðumaður markaðsdeildar Póstsins.

Við sjáum að kauphegðun okkar Íslendinga hefur breyst mikið undanfarin ár og öll gerum við kröfur um hraða og góða þjónustu. Innlend netverslun er í miklum blóma og ótrúlega spennandi að sjá þjónustuvilja netverslana og hvað hlutirnir eru að gerast hratt. Í eðli sínu eru netverslanir opnar allan sólarhringinn sem þýðir að neytendur geta verslað hvar sem er og hvenær sem er. Því er nauðsynlegt að vera með gott dreifikerfi og sveigjanleika til að bregðast við óskum og þörfum markaðarins," segir Kristín Inga.

Svo ótal margt hefur gerst í Póstinum undanfarið hálf tveggja árið.

„Til dæmis hefur afhendingarstöðum Póstsins fjölgað mikið um allt land. Önnur viðbót er samdægursþjónusta í Póstbox á höfuðborgarsvæðinu til að mæta kröfum viðskiptavina um aukinn hraða. Það er einmitt það jákvæða við aukningu netverslunar að nýjungar koma hraðar fram enda þekkjum við flest að vilja fá pakkann til okkar hratt og vel. Ég kaup mér kjól í hádeginu, hann er kominn í Póstbox síðar sama dag og í notkun um kvöldið," segir Kristín Inga kát.

Hún segir tækifærin mörg þegar kemur að stafrænni þróun.

„Við leggjum enn meiri áherslu á að viðskiptavinurinn sé við stjórnvölinn. Hvernig vill hann fá pakkann sinn? Heimsendan, á pósthús, í Póstbox eða Pakkport? Þegar kemur að netverslun og upplifun viðskiptavina sjáum við að hraði og það að hafa val skiptir mestu máli. Við þekkjum það öll sem nýtum okkur netverslun og getum notað þá reynslu við að bæta þjónustuna okkar í Póstinum.“



Með Pakkporti er hægt að sækja sendingar í nálæga þjónustukjarna.

### Fleiri Póstbox á leiðinni

Pósturinn hefur að undanfögnu lagt ríka áherslu á fjölgun Póstboxa um allt land og á síðasta ári bættust við 32 ný Póstbox. Með haustinu er von á öðru holti enn fleiri Póstboxa.

„Póstbox Póstsins er mjög skemmtileg afhendingarleið. Um er að ræða sjálfsafgreiðslubox sem staðsett eru um allt land og þar geta viðskiptavinir nálgast sendingarnar sínar þegar þeim hentar. Póstbox er sú afhendingarleið sem viðskiptavinir eru ánægðastir með samkvæmt mælingum okkar og með þessu erum við að styrkja þjónustuna enn frekar. Þú velur hvaða Póstbox hentar þér, hvort sem það er Póstbox á leiðinni í vinnuna, sjósundið eða sumar-bústaðinn; þú bara sækir þegar þú ert á ferðinni," útskýrir Kristín Inga.

„Pakkport er enn önnur afhendingarleið sem við höfum nýlega opnað í samstarfi við Samkaup og Orkuna. Þannig býðst viðskiptavinum að sækja sendingar í þjónustukjarna nálægt sér, hvort sem þeir eru að kaupa í matinn eða þá vantar að fylla á bílinn. Allt í leiðinni.“

### Aukin sókn netverslana kallar á aukna þjónustu og nýjungar

Aukinn kraftur í netverslun leynir sér ekki hjá Póstinum.

„Við leggjum því allt kapp á að

styðja vel við netverslanir með aukinni þjónustu og nýjungum. Við sendum út könnun meðal netverslana og ein helsta niðurstaða hennar var að 80 prósent netverslana telja að dreifing á laugardögum styðji við starfsemi þeirra og skipti viðskiptavini þeirra máli. Þess vegna settum við í gang laugardagsafhendingu á höfuðborgarsvæðinu og það er náttúrulega skemmtilegast þegar sölu- og markaðsdeildin getur brugðist við óskum viðskiptavina með þessum hætti," greinir Kristín Inga frá.

„Pósturinn býður netverslunum nú einnig upp á samdægursafhendingu í Póstbox innan höfuðborgarsvæðisins. Samdægursafhending er stórt skref í þjónustuveitingunni okkar og við erum ótrúlega spennst að þróa hana enn frekar að þörfum netverslana og þeirra viðskiptavina.“

### Má ekki örugglega skila?

Viðskiptavinir í dag hafa marga valkosti til að versla sömu vöru á netinu og því segir Kristín Inga mikilvægt að búa sér til sérstöðu og skapa söluhvata.

„Þar kemur skilaréttur sterkur inn því yfirleitt er það þannig að ef við þurfum að hafa mikið fyrir hlutunum erum við líklegri til að missa þolinmæðina og leita annað. Því er sterkur leikur að bjóða upp á



Að sjálfsögðu má skila vörnum og Pósturinn sendir hressandi skilaboð um skilarétt með þökknum sem hann sendir.



Það er gaman að versla á netinu því Pósturinn sér um að senda pakkana samdægurs, bæði heim, í næsta Póstbox eða Pakkport.

**„Allt gerist hratt og vel. Eg kaup mér kjól í hádeginu, hann er kominn í Póstbox síðar sama dag og í notkun um kvöldið.“**

vöruskil og vera með skýr skilaboð um skilareglur í netversluninni. Enn betra er að láta endursendingarmiða fylgja pakknum með hressandi skilaboðum um að það sé sjálfsagt að skila vörinni. Þessi lausn er að sjálfsögðu í boði fyrir netverslanir í viðskiptum hjá Póstinum og auðveld í framkvæmd.“

### Nýtt app og Mínar síður

Í vor setti Pósturinn í loftið nýjar „Mínar síður“ og App.

„Okkar helsta markmið með þessum nýju lausnum er að einfalda viðskiptavinum að eiga viðskipti við Póstinn og gera þeim mögulegt að sniða þjónustuna betur að sínum þörfum. Með

þessari nýjung fara allar pantanir úr netverslun beint í skráningarferfið okkar og til neytenda og hún einfaldar því alla upplýsingagjöf til þeirra sem eiga von á sendingu. Við hjá Póstinum höfum sett mikla orku í að gera þessar lausnir eins þægilegar og mögulegt er og munum halda áfram að þróa þessar leiðir á komandi mánuðum og árum," upplýsir Kristín Inga.

Næsta viðbót Póstsins snýr að því að skrá og senda sendingar beint úr Appinu.

„Við erum mjög spennst fyrir því, ekki síst þegar jólavertíðin er fram undan með öllum sínum jólaþökkum og gleði. Markmið okkar er einfalt, við viljum auka stafræna þjónustu til að stytta boðleiðir og flýta þannig fyrir afhendingu sendinga, sem og ánægju viðskiptavina. Við munum því halda áfram að bæta við nýjungum fyrir netverslanir og einstaklinga á næstu misserum og hlökkum til að kynna inn fleiri þjónustulausnir á næstunni.“

Nánar á posturinn.is ■



# Sparar bæði tíma og peninga



Sandra Guðrún Guðmundsdóttir sandragudrun@frettabladid.is

Helga Kristín Einarsdóttir fór að versla matvörur á netinu vegna Covid. Henni fannst það svo þægilegt að núna fara um það bil 80% af matarinnkaupum hennar fram á netinu.

Helga segir helstu kostina við að versla í matinn á netinu vera þá að það sparar mikinn tíma og að innkaupin verða markvissari.

„Maður er svo ómarkviss þegar maður er að versla úti í búð, alla vega ég, að það tekur heillangan tíma að versla þar. Ég spara þess vegna heilmikinn tíma á að versla svona,“ segir Helga.

„Ég hef mest verið að nota Krónu appið. Ég prufaði einu sinni Nettó líka en líkaði betur við Krónu appið og hef haldið mig við það. Þegar maður verslar gegnum appið þá er maður ekki að kaupa eitthvað sem maður er ekki að leita að sérstaklega. En úti í búð er maður alltaf að rekast á eitthvað sem mann vantar ekki endilega. Það sparar þess vegna pening að versla á netinu.“

Helga bætir við að það hljóti líka að vera umhverfsvænna að einhver einn aðili skutli matvörum á marga staði en að 100 manns séu að keyra út í búð og kaupa í matinn.

„Eini gallinn sem ég finn við þetta er að maður getur ekki séð ávextina og grænmetið sjálfur. Ég er þess vegna ragari að kaupa það á netinu. Ég hef samt yfirleitt verið ánægð með það sem ég fæ.“



Eftir að Helga Kristín uppgötvaði matarinnkaup á netinu fer hún sjaldan út í búð. MYND/ADSEND

Það kemur líka fyrir að það sem ég panta er ekki til og það virðist vera aðeins minna úrval í appinu en úti í búð. En þetta eru bara smá gallar,“ segir hún.

Það kemur þó fyrir að Helga fari út í búð.

„Stundum vantar eitthvað með stuttum fyrirvara og ég splæsi ekkert í 15.000 króna kórðu af því ég gleymdi að kaupa smjör. Svo, af því ég fell síður í freistingu þegar ég kaupi eitthvað á netinu, þá kemur fyrir að mig langar allt í einu alveg ógeðslega mikið í eitthvað eins og ís. Þá verð ég bara að fara út í Hagkaup og kaupa hann,“ segir hún.

„Ég nota netið meira í vikuleg innkaup en skýst svo út í búð ef mig vantar eitthvað smá.“

Einn stór kostur sem Helga nefnir við að versla matvörur á netinu er að fá vörurnar sendar heim fyrir sumarbústaðaferðir og sleppa þannig við að fara í búð eftir vinnu áður en lagt er af stað.

„Það er algjör snilld að panta bústaðarmatvöruna og fá hana senda heim eftir hádegi á föstudegi. Maðurinn minn vinnur heima og getur tekið á móti sendingu hvenær sem er. Svo tekur maður pokann með pylsunum og helgarsteikinni og setur hann beint inn í bíl.“

Helga segist myndu mæla með að versla í matinn á netinu við hvern sem er.

„Fyrir fólk sem lendir í sóttkví eða einangrun er þetta lífsbjörg. En þetta er líka örugglega betra fyrir alla.“ ■

”Ég nota netið meira í vikuleg innkaup en skýst svo út í búð ef mig vantar eitthvað smá.“

Helga Kristín Einarsdóttir.

## FISLÉTTIR DÚNJAKKAR FRÁ Junge



SKOÐIÐ LAXDAL .IS

Fylgið okkur á FB



Skipholt 29b • Sími 551.4422 • www.laxdal.is



Viðskiptastjórar á fyrirtækja-sviði Valitor. Frá vinstri: Alex Freyr Þórssón, Daði Hendricuson, Sigrún Jónsdóttir, Steinar Thors og Guðrún Wium.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR GEIRSSON

## Áhersla á góða notendaupplifun í vefverslun

Lausnir Valitor hafa mismunandi eiginleika og sérstöðu en eiga sammerkt að vera hannaðar með einfaldleika og notagildi í huga.

„Við hjá Valitor sjáum mikinn mun á neysluhegðun neytenda, sem felst í töluverðri aukningu á netverslun milli ára. Þar af leiðandi er mikilvægt að fyrirtæki tryggji að upplifun neytenda í netverslunum endurspeglir mynd og þjónustustig söluaðila,“ segir Guðrún Wium, sölustjóri Valitor á Íslandi.

Guðrún segir netgreiðslulausnir Valitor endurspeglar fjölbreyttar þarfir kaupmanna.

„Við erum með þrjár meginlausnir fyrir söluaðila; greiðslutengil, greiðslusíðu og greiðslugátt Valitor. Allar okkar greiðslulausnir eru „3D Secure“ sem eykur öryggi korthafa og söluaðila í kaupum með því draga stórlega úr sviksamlegum færslum.“

Valitor hefur lausnir sem henta og uppfylla kröfur bæði neytenda og söluaðila.

„Við bjóðum allt frá því að taka við stöku símgreiðslum upp í stærri vefverslanir með marga afhendingarstaði. Allar okkar lausnir hafa mismunandi eiginleika og sérstöðu en eiga sammerkt að vera hannaðar með einfaldleika og notagildi í huga.“

### Reynsla, ráðgjöf og traust

Söluaðilar sem nota stöðluð vefverslunarkerfi á borð við Shopify, WooCommerce eða Magento geta einnig virkjað Valitor á sínum vefjum og á einfaldan hátt, þökk sé viðbótum (e. Plug-ins) sem hægt er að nálgast með nokkrum smellum.

„Greiðslugátt Valitor er besta lausnin ef söluaðilar vilja samþætta greiðslulausnir við eigin kerfi. Með henni geta söluaðilar aðlagð lausnina að sínum þörfum þar sem hún er með einstak-

lega fjölbreytta virkni og styður til að mynda áskriftar-, reglulegar- og hefðbundnar kortageiðslur, allt í einni lausn. Einnig styður greiðslugáttin möguleikann á að taka frá heimild hjá korthafa, en skuldfæra ekki fyrr en búð er að stemma af við birgðastöðu, en sú virkni sparar söluaðilum mikinn tíma og kostnað þegar kemur að því að afgreiða pantanir til viðskiptavina,“ upplýsir Guðrún.

Í heimi þar sem greiðslumiðlun þróast ört og regluverkið verður sífellt flóknara fyrir söluaðila skiptir máli að vinna með réttum aðila.

„Hjá Valitor starfar reynslumiklir fólk við sölu, ráðgjöf, þjónustu og vörubrúun, með það að markmiði að einfalda stafræna vegferð kaupmanna og tryggja um leið góða notendaupplifun neytenda,“ segir Guðrún. ■

Sjá nánar á valitor.is



# CURVY.IS NETVERSLUN

Býður mjög fjölbreytt úrval af fatnaði í stærðum 42-58

Sjáðu úrvalið í netverslun [www.curvy.is](http://www.curvy.is) eða komdu

í verslun Curvy í Hreyfilshúsinu við Grensásveg

Opið alla virka daga frá kl. 11-18

og laugardaga frá kl. 11-16

Curvy

FRÍ HEIMSENDING  
EF AÐ VERSLAÐ ER FYRIR  
5000 KR Eða MEIRA



Regnslá  
15.990 kr



Kaffe Túnika  
7.490 kr



Buxur  
4.990 kr



Peysa  
5.990 kr



Túnika  
5.990 kr



Peysa  
5.990 kr





Helgi Björn Kristinsson, framkvæmdastjóri Netgiró, segir að greiðslulausnir fyrir einstaklinga séu í stöðugri þróun og fyrirtækið leggi áherslu á að vera í fararbroddi í þeirri þróun.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK

## Örugg og þægileg greiðslulausn

Netgiró býður einstaklingum upp á greiðslulausnir sem auka þægindi, öryggi og sveigjanleika í útgjöldum og gera þeim kleift að hafa sína hentisemi með útgjaldadreifingu.

„Netgiró hóf starfsemi árið 2013 og í upphafi vorum við bara í netverslun, en þá var hún ekki mjög stór á Íslandi,“ segir Helgi Björn Kristinsson, framkvæmdastjóri Netgiró. „Við höfum séð gríðarlegan vöxt í netverslun síðan þá og enn eitt stökkið kom síðan eftir að Covid-19 kom til skjalanna. Þó að við höfum verið stórir í netverslun fyrir, sjáum við samt sem áður mikla aukningu í faraldrinum og eins og staðan er núna gæti ég ímyndað mér að hún sé um það bil 25%.

Auðvitað er aukningin misjöfn milli vöruflokka og verslana,“ segir Helgi Björn. „Þau sem eru komin lengst, til dæmis sumar húsgagnaverslanir, eru með á milli 50-60% af sölu sinni í netverslun.“

### Allt í símanum

Þegar litið er til einstaklinga eru um 60% viðskiptavina Netgiró á aldrinum 25-45 ára.

„Við lítum á okkur sem viðbót og leggjum áherslu á þægindi, öryggi og einfaldleika. Þegar fólk hefur skráð sig hjá Netgiró getur það verslað í öllum helstu netverslunum Íslands án þess að gefa upp viðkvæmar kortaupplýsingar eða vera með kortin við hendina,“ segir Helgi Björn. „Þegar verslað er fer það allt í gegnum símann og er mjög þægilegt. Þú slærð inn símanúmerið þitt, færð skilaboð í símann, samþykkir og þá hefurðu 14 daga til að ákveða hvort þú viljir breyta þessu í raðgreiðslur, setja þetta á mánaðarreikning eða greiða innan 14 daga.

Þetta byggir á erlendu hugmyndinni „buy now, pay later“ og það hefur orðið mikill vöxtur í slíkum greiðsluþjónustum, bæði



Það er gaman og þægilegt að velja sína uppáhalds hluti og húsbúnað í vefverslunum og ganga frá greiðslunni með hjálp Netgiró. Einfaldara gerist það ekki.

hér á landi og erlendis,“ útskýrir Helgi Björn.

### Öryggi og sveigjanleiki

„Netgiró hefur að mörgu leyti sérstöðu á íslenskum markaði. Ég nefni sérstaklega tvennt. Annars vegar öryggið, en kreditkortanúmer eru auðvitað viðkvæmar upplýsingar og ef maður lendir í svikum getur það verið stórmál að þurfa að skipta um kort vegna áskrifta sem margir eru með á kortunum sínum,“ segir Helgi Björn. „Hins vegar er einfaldleikinn svo gríðarlega þægilegur. Þú staðgreiðir bara í verslun með Netgiró og getur svo ákveðið í rólegheitunum hvort þig langar að skipta því í tvennt eða þrennt, allt eftir því hvað þér hentar.

Við höfum séð að fólk þykir afar þægilegt að versla stærri hluti á Netgiró og fá reikning í heimabankann í stað þess að taka stóran hluta af heimildinni á kreditkortinu. Þegar fólk fer til dæmis í ferðalag og þarf að kaupa flugmiða fyrir fimm manna fjölskyldu, plús hótél og bílaleigubíl, er kannski ekki mikið eftir af heimildinni á kredit-

**Við höfum séð að fólk þykir afar þægilegt að versla stærri hluti á Netgiró og fá reikning í heimabankann í stað þess að taka stóran hluta af heimildinni á kreditkortinu. Þar má nefna flugmiða fyrir fjölskylduna, hótél og bílaleigubíl, sem skilur ekki mikið eftir af heimildinni á kreditkortinu.**

Helgi Björn Kristinsson.



kortinu,“ segir Helgi Björn. „Þá er hentugt að fá flugmiðann bara í heimabankann.

Þetta gefur fólk líka svigrúm. Stundum eru útsölur, tilboð og annað sem fólk vill nýta en er kannski ekki akkúrat með fjármunina á þeirri stundu, þá er hægt að grípa gæsina og greiða svo síðar. Lífið er líka þannig að það koma oft upp óvænt útgjöld, til dæmis ef dýr raftæki gefa sig. Þá er auka öryggi fólgið í að hafa Netgiró til taks,“ segir Helgi Björn. „Þetta býður líka upp á sveigjanleika. Við finnum að stór hluti af okkar viðskiptavinum hefur skráð sig í mánaðarreikning, sem virkar svipað og greiðslukort og safnar greiðslum saman í einn reikning. Svo getur fólk skipt þeim reikningi eins og því hentar.“

### Stöðugar breytingar í netverslun

„Landslagið er stöðugt að breytast og við erum á tánum til að fylgja breyttu neyslumynstri Íslendinga. Dæmi um það er að í fyrsta sinn var nóvember stærri en desember hjá okkur á síðasta ári,“ segir Helgi Björn. „Fólk er að versla jólagjafir

mun fyrir, plús að það koma tilboðsdagar eins og Singles' day, Black Friday og Cyber Monday þar sem salan er gríðarlega öflug. Þetta er breyting sem hefur átt sér stað síðustu 3-4 ár og var alveg greinileg á síðasta ári og ég geri ráð fyrir því sama í ár.

Við höfum líka séð að fjöldi sérverslana hefur aukist um allt land og það hefur leitt til þess að það er ekki bara fólk úti á landi sem er að kaupa vörur frá Reykjavík, heldur er fólk í Reykjavík líka að kaupa vörur frá landsbyggðinni,“ segir Helgi Björn. „Markaðurinn er að breytast mjög mikið hvað þetta varðar og verða miklu meiri heild, óháð búsetu fólks.

Vöxtur netverslunar er áþreifanlegur og við fylgjumst vel með, finnum á viðskiptavinum okkar að hún er að aukast jafnt og þétt og höfum alltaf lagt áherslu á að vera í fararbroddi á þessu sviði,“ segir Helgi Björn. „Þessi markaður er í stöðugri þróun og það er ljóst að greiðslulausnir fyrir einstaklinga eiga eftir að halda áfram að þróast og að við verðum áfram í fararbroddi í þeirri þróun.“ ■





## Öruggt og þægilegt

Netgíró notendur versla á netinu og skilja veskið eftir heima þegar þeir fara í búðina. Sumir þeirra borga strax, aðrir nýta sér 14 daga greiðslufrest eða borga einn uppsafnaðan reikning um mánaðarmót - svo er líka ekkert mál að dreifa greiðslunum, bara eins og hentar hverjum og einum.



netgíró



# Þrjátíu og átta ára kona á glimmerskóm

Steinunn Lilja Emilsdóttir segist vera einstæð mamma með áhuga á góðum bókum og slæmum kvikmyndum. Hún átti afmæli í gær og er 38 ára gömul.

johannamaria@frettabladid.is

Aðspurð hvort hún versli mikið á netinu segir Steinunn: „Ég hef verið að kaupa snyrtivörur og krem frá íslenskum vefsíðum því ég kann ekkert á svoleiðis og finnst betra að vera heima og lesa texta um vöruna en að vera eins og bjáni í búðinni að spyrja hvort eitthvað sé augnskuggi eða kinnalitur.

Ég kaupi líka eiginlega allan mat frá Heimkaup og sama með gjafir ef ég er til dæmis að fara í afmæli. Bækurnar sem mig langar



Steinunn með skóna finu.

í og er verið að auglýsa á þeim bókasíðum sem ég fylgist með eru sjaldan til á Íslandi. Því kaupi ég bækur frá Book Depository. Ég nota líka erlendar vefverslanir



Skórnir virkuðu mun gylltari á myndinni á vefsíðunni en þeir voru í raun.

mikið til að kaupa bækur fyrir son minn því hann elskar ofurhetjur og það er ótrúlega lítið úrval af ofurhetjubókum fyrir yngri börn á Íslandi

Ég myndi kaupa leikföng á netinu nema ég hef ekki fundið neina almennilega síðu fyrir ungan ofurhetju- og Star Wars áhugamann. Svo er ég með smá veikleika gagn-

vart 70% rýmingarsölum á fötum þar sem er enginn heimsendingakostnaður. Ég er virkilega hrifin af því að versla á netinu en mér finnst sendingarkostnaður mjög fráhrindandi,“ segir Steinunn, sem starfar sem umsjónarmaður Listasalar Mosfellsbæjar. Hún er guðfræði-, myndlistar- og ritlistar-menntuð.

## Bleikir skór á afslætti

Steinunn segist hafa gert ýmis vafasöm kaup á netinu og ein af þeim eru götuskrór sem hún fékk á góðum afslætti. „Mig vantaði götuskró og sá að það var einhver rosa útsala í einni vefversluninni. Ég fann eina sem virkuðu ljósbrúnir eða jafnvel aðeins gylltir á myndinni. Það var bara til eitt þar eftir sem var einmitt mín

stærð. Mér fannst þeir flottir svo ég pantaði skóna. Þegar ég fór að sækja þá kom í ljós að þeir eru bleikir og sanseraðir. Glampinn frá áferðinni hefur greinilega blekkt myndavélina. Þannig að nú er ég 38 ára gömul kona í bleikum skóm... og þær eru með glimmerreimum líka!“

Steinunn segir að hún hafi þó ekki skilað skónum þrátt fyrir áfallið. „Ég nenni ekki að senda þá til baka þannig að ég fór að nota þá og núna elska ég þá. Ég hef aldrei fengið eins mikið af hrósi fyrir skó á ævi minni!“ Aðspurð hvort þessi kaup hafi fengið hana til þess að stiga enn frekar út fyrir þægindarammann þegar kemur að tísku, neitar hún. „Ég veit ekki alveg með það en ég er stolt yfir því að geta „púllað off“ svona flippaða skó!“

# Ekki smart að vera full í Kringlunni

Guðný Jónasdóttir er sellóleikari hjá Sinfóníuhljóm-sveit Íslands. Aðspurð hvort henni þyki betra að versla í netverslunum eða í venjulegum búðum, spyr hún á mót: „Náttföt og rauðvín eða sveitt fólk og suðandi börn. Hvort finnst þér betra?“

johannamaria@frettabladid.is

Guðný segist vera hrfnari af netverslunum en búðarþápi. „Þegar ég bjó í London verslaði ég bókstaflega allt á netinu. Allar matvörur og í raun var betri þjónusta og úrval í netversluninni en í búðinni sjálfri. Það var til dæmis auðvelt að sjá hvenær hver vara rann út og fleira. Ég hef einu sinni reynt að versla mat á netinu hér heima og reyni það ekki aftur. Úti eru stór vöruhús með óendanlegu úrvali þar sem vélmenni taka saman vörurnar þínar. Hér heima fer starfsmaður í gegnum lista að finna til vörur, sem eru oft ekki alveg réttar. Þetta kerfi er orðið mikið stærra í London en hérna heima, enda er London stórborg þar sem fólk á ekkert endilega bíla og þarf í meira mæli að nota vefverslanir fyrir matarkaup,“ segir Guðný.

## Skyndikeypti brjóstapumpu

„Þegar ég flutti aftur til Íslands var aðalvandamálið hvað við myndum gera án Amazon. Amazon sendir sjálf til Íslands ef þú

kaupir beint af þeim en þar eru líka margir einkaáðilar sem bjóða ekki upp á að senda til Íslands.

Í London vorum við með Amazon Prime Now reikning. Þá fær maður vörur sendar heim að dyrum innan tveggja tíma. Ég hef alveg skyndiverslað borvél því við vorum orðin svo þreytt í puttunum við að skrúfa saman Ikea húsgögn með skrúfjárn og sexkanti. Svo skyndikeypti ég brjóstapumpu þegar ég var með tveggja daga gamalt barnið mitt á arminum og vildi ekki senda manninn minn út í búð því ég þorði ekki að vera ein með svona lítið barn.“

## Smámunasamur húsbóndi

Guðný segir það mikla kúnt að versla á Amazon. „Ef ég ætti ekki svona vandvirkan mann væri ég örugglega búin að gera mjög mörg mistök á Amazon. Hann kaupir aldrei neitt nema hann geri almennilega heimavinnu, skoði vöruna, hve margir hafi keypt, les umsagnirnar, skoðar stjörnur og allt. Svo segja stjörnur ekkert endilega allt. Sumir sem gefa núll stjórnur eða eina eru bara ósáttir við að hafa skyndikeypt eitthvað sem þá vantaði ekki en eru ekkert endilega að setja athugasemd við gæði vörunnar.

Ég kaupi aldrei neitt stórt á netinu nema maðurinn minn tvítékki allt svo við séum ekki að kaupa köttinn í sekknum. Ef ég er að kaupa eitthvað sem hann má ekki sjá legg ég metnað í að finna eitt-



Guðný segir búðarþápi í raunheimum hvergi jafnast á við netverslunarráfi í notalegum náttfötum með rauðvín í glasi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

hvað flott og passa mig að skoða umsagnirnar vel. Ég þarf eiginlega að láta umsagnirnar fylgja með gjöfinni,“ segir Guðný og hlær.

„Þetta finnst mér þínu vanta hér heima. Það er erfitt að komast í almennilegar upplýsingar. Þetta er það lítill markaður hér heima að það reynist oft erfitt að gera heimavinnuna. Mér finnst líka ótrúlegt að margar stórar verslanir eru ekki einu sinni með vefverslun. Þú getur ekki gert almennilega heimavinnu áður en þú kaupir hlutinn sem þig vantar.

Ég reyni samt að nota íslenskar vefverslanir og byrja alltaf þar. Þá finnst mér gaman að skoða þínu-litlu einkaverslanirnar. Einhverjir

tveir leikskólakennarar í Kópavoginum að selja umhverfisvæn leikföng. En svona kaup eru ekki praktísk fyrir mig. Það vantar gott kerfi þar sem hægt er að skoða allt á sama stað. Ég notaði til dæmis Heimkaup mikið um jólin í fyrra og keypti fullt af jólagjöfum þar.“

## „Sjopping sjardonnei“

„Netverslun getur tekið meiri tíma en að fara bara í búðina og kaupa það sem mann vantar. En kosturinn er sá að þú getur setið heima við tölvuna, á náttfötunum, með eitthvað lélegt sjónvarpsefni í gangi og rauðvínsglas löngu eftir lokunartíma verslana og keypt það sem þig vantar. Ég er

líka ólíklegri til að gera mistök við að kaupa á netinu en í venjulegum verslunum. Það er ekkert sjarmerandi við það að keyra í Skeifuna að skoða fimmtán mismunandi barnafataverslanir sem allar eru með umboð fyrir einu merki, með tvö grenjandi unga börn í aftursætinu. Spenna þau í og úr barnastólum, leita að því sem vantar en finna aldrei réttar stærðir. Þetta tekur á og tekur óratíma. Þó svo ég geti kannski gert betri kaup á vörum í verslunum sjálfum heldur en á netinu, er líka mikilvægt að hugsa um það hversu mikils virði tími þinn er og geðheilsa. En það er líka til önnur týpa af netsjoppa og það sér maður nú bara í Extrapoppunni,“ segir Guðný og kímur.

„Ef ég þurfti að fara í búð í London fékk ég mér alltaf „shopping chardonnay“, það er eftir að ég var búin að eiga. Það er miklu betra að fara í búðarþápi með smá hvítt í æðunum. Ég var einu sinni dregin með vinafólki í búðarferð og ég sannfærði þau um að fá sér hvítvínsglas á notalegum þöbb áður. Þetta er eiginlega ekki hægt hér heima áður en maður fer í Kringluna. Það er einhvern veginn ekki alveg jafn samfélagslega viðurkennt að fara á Kringlutrána að hella í sig áður en maður fer í búðirnar. En þau eru farin að gera þetta samt á Íslandi. Þau senda mér alltaf sjálfu af Kringlutráninni með hvítvín í glasi áður en þau fara í búðarölt.“

# VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR Á ELKO.IS

Netspjallið er opið  
alla daga til 21:00

ELKO





# Hraðinn skiptir máli

Starfsmenn afhendingarþjónustunnar Dropp vinna hörðum höndum að því að umbylta afhendingum fyrir netverslanir á Íslandi. Netverslun jókst mikið í Covid en vöxturinn er rétt að byrja að mati forsvarsmanna félagsins. Segja má að viðskiptavinir séu í fyrsta skipti að upplifa hraða afgreiðslu pantana og einfalda og þægilega afhendingu.

„Á síðustu tveimur árum hafa verslanir aukið þjónustu sína á netinu til muna og á sama tíma hafa viðskiptavinir byrjað að venjast netverslun. Þeir sem hafa pantað vörur á netinu á síðustu misserum og upplifað góða þjónustu eru líklegir til að halda áfram að versla í gegnum netið,“ segir Hrólfur Andri Tómasson hjá Dropp.

„Þrátt fyrir mikinn vöxt netverslunar á Íslandi undanfarið er umfang netverslunar hér heima mun minna en í löndunum í kringum okkur,“ nefnir Hrólfur máli sínu til stuðnings. „Það er ekki alveg ljóst af hverju netverslun fór svona hægt af stað á Íslandi en það eru nokkrir þættir sem þurfa að koma saman, svo sem hröð afgreiðsla pantana hjá verslunum og einföld og þægileg afhending til viðskiptavina.“ Hvort tveggja hefur tekið stakkaskiptum upp á síðkastið og því má búast við því að vöxtur netverslunar haldi áfram nú þegar þjónustan er orðin betri.

## Miklu einfaldara ferli

„Við hjá Dropp höfum einbeitt okkur að því að gera afhendingar einfaldari, fyrirsjáanlegri og hraðari, á sama tíma og verslanir hafa bætt þjónustu sína á netinu til muna,“ segir Hrólfur.

„Fyrir stuttu síðan var oft alls óvíst hvar og hvenær sendingar sem pantaðar voru á netinu skiluðu sér og þá var eðlilega takmarkaður áhugi á því að nýta sér slíka þjónustu. Nú horfir allt til betri vegar og með fjölgun sendinga eru komnar forsendur fyrir ódýrari afhendingum og hraðari þjónustu, þannig að þetta er hálfgerður snjóbolti sem er byrjaður að rúlla og hann er líklega ekkert að fara að stoppa á næstunni,“ segir Hrólfur.

## Stytttri afhendingartími

„Þegar við byrjuðum með Dropp var markmiðið að gera afhendingar fyrir netverslanir þægilegri. Það sem okkur fannst skipta mestu máli var að útrýma óvissu þannig að viðskiptavinir gætu pantað á netinu og vitað frá upphafi hvar og hvenær sendingar yrðu afhentar.

Við höfum náð góðum árangri í þessu í samstarfi við netverslanir. Til dæmis geta viðskiptavinir Elko og Nespresso pantað vörur fyrir hádegi og fengið þær afhentar fyrir kl. 17 á einum af 19 afhendingarstöðum okkar á höfuðborgarsvæðinu, og fyrir kl. 19 í Reykjanesbæ, Hveragerði og á Selfossi,“ segir Hrólfur. Viðskiptavinir utan höfuðborgarsvæðisins geta einnig nýtt sér þjónustu Dropp sem nú hefur opnað 15 afhendingarstaði á landsbyggðinni í samstarfi við N1.

## Náin samvinna skiptir miklu máli

„Við leggjum mikið upp úr því að viðskiptavinir viti alltaf hvar sendingar eru staddar hverju sinni og við deilum þessum upplýsingum einnig með netverslunum. Það fyrsta sem við gerðum var að smíða hugbúnað til að halda utan um þetta og því hafa viðskiptavinir, netverslanir og við sjálf hjá Dropp alltaf yfirlit yfir staðsetningu allra sendinga. Þetta gerir okkur einnig kleyft að breyta



„Við hjá Dropp höfum einbeitt okkur að því að gera afhendingar einfaldari, fyrirsjáanlegri og hraðari, á sama tíma og verslanir hafa bætt þjónustu sína á netinu til muna,“ segir Hrólfur Andri Tómasson, framkvæmdastjóri Dropp.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



„Við gerum ekkert í einrúmi, við erum fyrst og fremst að tengja saman viðskiptavini, verslanir, afhendingarstaði og bílstjóra til að tryggja að þjónustan gangi vel fyrir sig,“ segir Hrólfur Andri Tómasson.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Þrátt fyrir mikinn vöxt netverslunar á Íslandi undanfarið er umfang netverslunar hér heima mun minna en í löndunum í kringum okkur.

Hrólfur Andri Tómasson.

sendingum eftir að þær eru lagðar af stað og við erum í auknum mæli að bjóða bæði viðskiptavinum og netverslunum að gera breytingar á afhendingu ef þarfirnar breytast eftir að sending er lögð af stað.“

Lykillinn að því að veita þjónustu eins og þá sem Dropp býður upp á er náin samvinna við fjölda samstarfsaðila segir Hrólfur. „Við gerum ekkert í einrúmi, við erum fyrst og fremst að tengja saman viðskiptavini, verslanir, afhendingarstaði og bílstjóra til að tryggja að þjónustan gangi vel fyrir sig. Sem dæmi höfum við átt mjög gott samstarf við N1 og World Class þar sem viðskiptavinir geta sótt sendingar, og við erum að þróa nýjar lausnir í samstarfi við verslanir sem verður gaman að kynna á næstunni,“ bætir Hrólfur við.

## Ánægðir viðskiptavinir

Dropp hefur fengið góðar viðtökur hjá viðskiptavinum sem eru duglegir að gefa þjónustunni einkunn. „Við bjóðum öllum viðskiptavinum upp á að gefa okkur einkunn og yfir þriðjungur allra sem hafa fengið sendingu með Dropp hafa gefið þjónustunni einkunn. Þannig getum við fylgst með ánægju viðskiptavina og séð hvort einhverjar breytingar eigi sér stað yfir tíma. Af þessum einkunnum að dæma og athugasemdum sem fylgja þeim er mikill fjöldi fólks sem er mjög ánægt með þjónustuna,“ segir Hrólfur.

Netverslanir sem afhenda sendingar með Dropp fá einnig aðgang að einkunnum og athugasemdum frá viðskiptavinum sinnar verslunar. Þá geta verslanir fylgst með því í rauntíma hvenær sendingar eru afhentar og þannig fylgst með því hvernig afhendingarnar ganga. „Við viljum deila þessum upplýsingum með verslunum til að tryggja að allir sjái hvernig þjónustan er að virka. Þannig getum við einnig brugðist hratt við þegar það er eitthvað sem þarf að laga,“ segir Hrólfur.

## Hluti af upplifun viðskiptavina

Eðli málsins samkvæmt er lítið um það að viðskiptavinir netverslana eigi í beinum samskiptum við afgreiðslufólk eða starfsfólk. Afhendingin er því eini hlutinn af ferlinu þar sem viðskiptavinir hitta aðra manneskju. „Við erum mjög meðvituð um þetta og sjáum þetta sem tækifæri til þess að aðstoða verslanir við að veita enn betri þjónustu. Þegar vörur eru afhentar, hvort sem það er á afhendingarstað hjá einum af okkar samstarfsaðilum eða heimsending þar sem bílstjóri mætir með pakka upp að dyrum, þá viljum við að þjónustan endurspegli þá upplifun sem verslanirnar vilja veita,“ segir Hrólfur að lokum gláður í bragði.

Ef þú ert með netverslun og vilt nýta þér þjónustu Dropp þá er einfalt að stofna til viðskipta á www.dropp.is. Það tekur aðeins nokkrar mínútur bæta við Dropp sem afhendingarleið. ■



# Eina netverslunin sem sendir persónulega vídeókvæðu með gjafabréfi

Í YAY-appinu, yay.is og fyrirtækjagaðgangi YAY er hægt að gefa gjafabréf með skemmtilegri og persónulegri mynd, texta eða vídeókvæðu á fæinum sekúndum. Á rétt einu ári hefur verið tekið á móti um 300 þúsund stafrænum gjafabréfum í gegnum YAY-launsina.

YAY sló strax í gegn hjá einstaklingum og fyrirtækjum.

Athygli vekur hversu mikill fjöldi einstaklinga og ekki síður fyrirtækja, stofnana og starfsmannafélaga hafa nýtt sér YAY.

„Það hefur vissulega gengið vel og notkun á fyrirtækjagaðgangi YAY hefur algjörlega slegið í gegn, enda afar aðgengilegur,“ segir Sigríður Inga Svarfdal, sölustjóri YAY.

„Stundum þurfa fyrirtæki enga kynningu áður en þau byrja að nota fyrirtækjagaðganginn, en við bjóðum upp á nokkurra mínútna kynningu, til dæmis í gegnum netið eða með því að kíkja í heim-sókn. Fyrirtækin afgreiða sig sjálf og dreifa gjafabréfunum í formi mynda, texta eða með vídeókvæðu sem er innbyggð þjónusta, rétt eins og í YAY-appinu eða inni á YAY.is. Fyrirtækjagaðgangurinn er sérstaklega hannaður til að dreifa fjölda gjafa í einu. Það tekur rétt augnablik að senda stafrænt, því fylgir enginn kostnaður og þiggjendur eru meira en sáttir. Úvalið er frábært í YAY. Þess vegna nota fyrirtæki og stofnanir YAY aftur og aftur.“



Sigríður Inga Svarfdal, sölustjóri, segir YAY hafa gert gjafabréf skemmtilegri.

**YAY-gjafabréfin eru virkilega skemmtileg nýjung sem á engan sinn líka í heiminum.**

**Að velja rétta gjöf handa 100 manns**

Það er ljóst að fólkíð á bak við YAY býr að góðri reynslu. Aðspurð hvernig YAY tekst að leysa öll gjafamál fyrir einstaklinga og fyrirtæki, segir Sigríður Inga málið afar einfalt.

„Við þekkjum af eigin raun að reyna að gleða stóran starfsmannahóp og rétt hægt að ímynda sér hvernig það er að höfða til

allra, hvort sem um er að ræða tíu eða þúsund starfsmenn á öllum aldri. YAY leysir þennan valkviða sérstaklega með tilliti til gefenda og þiggjenda. Í fyrsta lagi býður YAY upp á eitt allra besta úrval verslana, veitingastaða og afþreyingar í landinu. Allt utnumhald er úr sögunni, þetta er umhverfisvænn kostur, gjaldfrjáls þjónusta, og kostnaður við dreifingu eða framleiðslu heyrir sögunni til. Það sparar bæði gefendum og þiggjendum verðmætan tíma. Auk þess minnir YAY-appið notendur á gjafabréfin og kemur í veg fyrir að gjafabréf gleymist eða glattist.“

**Gerðu gjafabréf skemmtilegri Hverjar eru helstu ástæður þess að YAY hefur vaxið jafn hratt sem gjafalausn?**



Samstarfsaðilar YAY eru nú yfir 200.



Viðeókvæður YAY hafa slegið í gegn.

„Gjafabréf eru í sjálfu sér mjög svo heppileg gjöf, en þau hafa hingað til hvorki verið notendavæn né unnið með neytendum,“ segir Sigríður Inga. „Við hjá YAY vildum breyta því og gerðum það með því að frelsa gjafabréfin og gera þau skemmtilegri. Við vildum færa frelsið til neytenda, bæði gefenda og þiggjenda, og bjóða upp á skemmtileg samskipti um

leið og gjafabréfin yrðu notendavænni. Ætli það sé ekki lykillinn? Þetta snýst jú allt um að gefa góða og persónulega gjöf sem nýttist, og ekki síst að upplifunin sé góð við að gefa og þiggja gjafir.“

Sigríður Inga segir möguleikann á að senda persónulega kvæðu með gjöfinni hafa hitt fólk í hjarta-stað.

„Þannig hefur vídeókvæðjan slegið í gegn. Frelsi neytandans felst svo í ýmsum þjónustum innan YAY. Möguleikar eins og að tímastilla gjöf; hvenær hún á að berast viðtakandanum. Svo er hægt að gefa gjöf sem viðtakandinn sér ekki fyrir sér að nota og vill gefa öðrum. Hann getur þá pakkað henni stafrænt inn og gefið öðrum sem nýja gjöf. Notendur geta einnig selt gjafabréf sem þeir ætla sér ekki að nota á markaði YAY-appsins, sem er líklega öruggasti endursölumarkaður á gjafabréfum sem til er. YAY-gjafabréfin eru virkilega skemmtileg nýjung sem á engan sinn líka í heiminum.“ ■

Kiktu við á yay.is og skoðu alla möguleikana.



## Netverslun með lúxusvörur eykst hratt

Alþjóðleg netverslun með lúxusvörur hefur aukist mjög mikið undanfarin ár og notaðar lúxusvörur njóta einnig sífellt meiri vinsælda. Kínverskir neytendur hafa mikil áhrif á þessa þróun og eru bæði að kaupa og selja notaðar vörur í miklum mæli.

oddurfreyr@frettabladid.is

Netverslun með lúxusvörur hefur aukist mikið um allan heim síðan faraldurinn byrjaði og nú eru það ekki lengur bara nýjar vörur, heldur hefur líka orðið mikill vöxtur í sölu á notuðum lúxusvörum.

Kínverska þjóðin hefur að miklu leyti leitt þróunina þegar kemur að netverslun og þar er einn stærsti og áhrifamesti markaðurinn fyrir netverslun. Kínverskar netverslanir hafa náð alþjóðlegri velgengi og Kínverjum í milli- og yfirstétt hefur fjölgað hratt undanfarna áratugi, sem hefur stuðlað að gríðarlegum vexti í netverslun. Kínverskir neytendur hafa nú mikilvæg áhrif á neyslu heimsins og sterk ástríða þeirra fyrir lúxusvörum hefur mikil áhrif á heildarmarkaðinn. Netverslanir á Vesturlöndum vilja líka sína sneið af kókunni.

**Meiri markaður fyrir notað**

Samkvæmt China Daily eru kínverskir neytendur líka farnir að kaupa notaðar lúxusvörur í auknu magni, en það vildu þeir ekki gera áður. Viðhorf Kínverja eru að breytast hratt vegna áhrifa heimsfaraldursins og aukinnar áherslu á umhverfisvernd og sum lúxusvörumerki eru líka með flókin



Það hefur orðið gríðarmikill vöxtur í netverslun með lúxusvarning eftir að faraldurinn hófst og það eru ekki bara nýjar lúxusvörur sem njóta vinsælda.



Það varð 30% vöxtur milli ára í sölu lúxusvarnings á bandarísku netversluninni eBay.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
GETTY

dreifikerfi og lengi að koma vörum til skila, sem eykur vinsældir þess að kaupa vörurnar notaðar og ódýrari annars staðar. Sumir eru líka að kaupa notaðar vörur sem eru í klassískum stíl eða takmörkuðu upplagi til að selja þær aftur með gróða.

Líklega hefur notaður lúxusvarningur stærstu markaðshlutdeildina í Japan, en þar eru 28% af öllum lúxusvörum sem eru seldar notaðar, á meðan hlutfallið er 5% í Kína, samkvæmt skýrslu sem var unnin við kínverska alþjóðaviðskiptaháskólann.



Naumhyggjufílsstíll í anda Marie Kondo nýtur vaxandi vinsælda í Kína og því eru margir að losa sig við lúxusvarninginn sinn.

**Kína er gullnáma**

Annað sem stuðlar að aukinni netverslun með notaðar lúxusvörur er vaxandi vinsældir naumhyggjufílsstíls á allra síðustu árum. Á alþjóðamælikvarða eru ungir neytendur í auknum mæli í upp-reisn gegn þeirri neysluhyggju sem hefur verið ráðandi. Þeim finnst fólk hafa misst tengslin og vilja ekki eyða lífinu í að safna hlutum. Samkvæmt Jing Daily, sem fjallar um heim lúxusvarnings í Kína, hefur margt ungt fólk í Kína tileinkað sér naumhyggjufílsstíl í anda Marie Kondo eftir áralangan eltingaleik við lúxuslífið og því eru sumir auðugir kínverskir neytendur að losa sig við alls kyns lúxusvörur til að lifa einfaldara, skipulagðara og vonandi hamingjuríkara lífi.

Japanískir heildsalar sem selja notaðar lúxusvörur líta á þetta sem gullnið tækifæri og Kína sem ónýtt gullnáma. Það má því gera ráð fyrir því að heildsalar notaðs lúxusvarnings haldi áfram að herja á kínverskan markað, fyrst hann býður upp á svo mikil sóknartækifæri.

**Engar eftirlíkingar hjá eBay**

Vestrænar netverslanir taka að sjálfsögðu þátt í þessari þróun, enda er eftir miklu að slægjast. Bandarískar netverslanir eins og Amazon og eBay hafa til að mynda lagt mikla áherslu á að koma lúxusvörum í sölu, en lúxusvörumerkin voru lengi fráhrerf því að selja vörur sínar á þessum síðum því það gróf undan sérstöðu verslana þeirra og vegna þess að það hefur borið á því að eftirlíkingar hafi verið seldar á þessum síðum.

En eftir að faraldurinn lokaði verslunum hafa lúxusvörur farið í sölu á þessum síðum með góðum árangri og fyrr í þessum mánuði kynnti eBay nýtt kerfi sem gengur út á að tryggja að bæði nýjar og notaðar lúxusvörur séu ekta, sem er til marks um aukna áherslu verslunarinnar á netverslun með lúxusvörur, hvort sem þær eru nýjar eða notaðar.

Með því að tryggja að fólk kaupir ekki óvart eftirlíkingar gæti eBay aukið enn á vinsældir lúxusvarnings hjá netversluninni, en það hefur þegar orðið geysilegur vöxtur á því sviði hjá eBay að undanförunu. Það varð 30% vöxtur í sölu lúxusvarnings milli ára og hann náði áður ósæðum hæðum í sumari. ■



vfs.is

**M18**

EITT RAFHLÖÐUKERFI  
YFIR 190 VERKFÆRI

Milwaukee®  
**ALVÖRURU  
VERKFÆRI**

**VERKFÆRA  
SALAN**





Covid hefur haft mikil áhrif á netverslun. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Netverslun vex áfram

starri@frettabladid.is

Heimsfaraldurinn hefur átt stóran þátt í að hraða þróun netviðskipta hér á landi en undanfarið ár hefur verið tími mikilla breytinga þegar kemur að kauphegðun almennings hér á landi og sér ekki fyrir endann á þeirri þróun. Þetta kemur meðal annars fram í rannsókn sem EMC rannsóknir birtu undir lok síðasta árs en fyrirtækið hefur í samstarfi við Hugsmiðjuna á síðustu árum mælt stöðu netkaupa meðal almennings.

Meðal helstu niðurstaðna rannsóknarinnar er að næstum allir Íslendingar, eða um 94%, segjast hafa keypt vöru eða þjónustu gegnum netið og um tveir af hverjum þremur segist kaupa vöru eða þjónustu oft eða stundum gegnum netið.

Mikill meirihluti svarenda, eða um 82%, segjast ætla að kaupa meira gegnum netið eftir fimm ár. Það gildir um lýðfræðihópa og stéttir og ljóst er að almenningur er reiðubúinn fyrir mikla og hraða þróun í þessum málum. Næstum allir í aldurshópnum 18-34 ára og 35-54 ára kaupa vöru eða þjónustu á netinu og fólk með meira á milli handanna er líklegra til að kaupa á netinu en samanturðarhóparnir.

Heimild: emcrannsoknir.is. ■



Netverslun hefur víðast hvar aukist mikið í faraldrinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Metverslun í júlí

thordisg@frettabladid.is

Netverslun náði hæstu hæðum á Bretlandseyjum í júlí þetta árið, en þá eyddu viðskiptavinir netverslana þar í landi 10 milljörðum punda í sólmánuðinum einum saman. Við það jókst verðbólga í netverslun í júlí um 2,8 prósent á milli ára.

Sala á fatnaði jókst um 3,8 prósent á milli ára og skartgripasala jókst um 2,7 prósent á sama tíma, og reis einna hæst á milli einstakra vöruflokka.

Það sem af er árinu 2021 hafa breskir neytendur reitt fram heila 64,9 milljarða punda fyrir alls kyns varning í netverslunum og er það aukning um 18 prósent á milli ára, og 56 prósent samanborið við sama tímabil árið 2019.

Adobe Digital Economy Index gerði nýlega könnun á viðskiptum í breskum netverslunum. Úrtakið var 1.000 manns og sýndu niðurstaður að 40 prósent neytenda ætla sér að forðast búðarþáp í nánustu framtíð. Þá hyggjast 56 prósent neytenda sneiða hjá mannmergd á helstu verslunargötum og verslanamiðstöðvum, á meðan 68 prósent ætla að halda áfram grímunotkun í verslunum. ■

# Hlutabréf í Alibaba lækka

oddurfrey@frettabladid.is

Verðmæti hlutabréfa í kínverska netverslunarrísinum Alibaba féll á þriðjudag og hefur ekki verið lægra síðan í október 2019. Hlutabréf fleiri kínverskra tæknifyrirtækja féllu einnig á sama tíma vegna fregna af því að kínverska ríkisstjórnin ætli að setja ný persónuverndarlög sem gætu haft áhrif á gagnasöfnun fyrirtækja.



Hlutabréf í Alibaba lækkuðu á þriðjudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hlutabréf í Alibaba höfðu lækkað um 4,7% á þriðjudag og hafa ekki selst fyrir minna síðan 24. október 2019.

Hlutabréf ýmissa kínverskra tæknifyrirtækja hafa lækkað undanfarnar vikur vegna ótta við aukna regluvæðingu hjá einkafyrirtækjum og fregnir af nýrri persónuverndarlöggjöf kínversku ríkisstjórnarinnar ýttu undir þetta óryggi.

Samkvæmt The Wall Street Journal er gert ráð fyrir að nýju persónuverndarlögin setji takmörk á gagnasöfnun fyrirtækja og krefjist þess að þau fái leyfi áður en þau safna upplýsingum um notendur.

Alibaba hefur áður fundið vel fyrir regluvæðingu kínverska ríkisins, en fyrirtækið greiddi 2,8 milljarða dala sekt fyrir einokun fyrr á þessu ári. ■

hugbúnaður

dk hugbúnaður 20 ára | 1998-2018

## Verið velkomin í skýið hjá dk

### Lausnir fyrir verslanir og vefverslanir

dk hugbúnaður býður upp á öflugar lausnir fyrir stórar sem smáar vefverslanir. dk Plus REST vefþjónustan er ódýr og öflug tenging milli sölu- og birgðakerfis dk viðskiptahugbúnaðar og vefverslunar. Með slíkri tengingu er hægt að sækja, uppfæra og stofna sölureikninga, sölupantanir, birgðastöðu og fjárhagsfærslur með WooCommerce eða Shopify vefverslunum. Fjöldi þjónustufyrirtækja hefur skrifað tengingu við dk í gegnum vefþjónustur dk. Nánari upplýsingar á [www.dk.is/lausnatorg](http://www.dk.is/lausnatorg). Verið í sambandi og fáið kynningu á þeim lausnum sem dk hugbúnaður býður uppá fyrir verslanir og vefverslanir.



FYRIRMYNDAR  
FYRIRTÆKI 2020



dk hugbúnaður

510 5800 | dk@dk.is | dk.is  
Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi  
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri





**QUE** þífukjöll  
Stærðir 40-52  
Verð kr. 32.980



**Q'NEEL** Skyrta  
Stærðir 38-52  
Verð kr. 23.980




**YEST/YESTA** Opin hettupeysa  
Fæst líka í dökkbláu  
Stærðir 36-56  
Verð kr. 12.980



**YEST/YESTA** Gallajakki  
Stærðir 38-58  
Verð kr. 15.980



**STUDIO** Laila Tunica  
Stærðir 40-56  
Verð 12.980



**STUDIO** Ditte kvartermabolur  
Stærðir 40-56  
Verð 10.980



**ROBELL** - Bella gallabuxur  
Stærðir 36-54  
Verð 16.980



**ROBELL** - Bella 09 Svartar og hvítar  
ökklabuxur með doppum  
Stærðir 36-54  
Verð 9.980



**YEST/YESTA** gallabuxur  
Fást í fleiri litum  
Stærðir 36-60  
Verð kr. 10.980



**SANDGAARD** Luxembourg Hlýrabolur  
Fæst líka í svörtu.  
Stærðir 38-54  
Verð: 4.980



**ZE-ZE** Sanne ökklabuxur  
Fást í fleiri litum  
Stærðir 36-46  
Verð kr. 9.990



**ZE-ZE** Shape síðbuxur  
Fást líka í gallaefni  
Stærðir 36-46  
Verð kr.9.990



**SANDGAARD** - Madrid - Bootcut buxur  
Stærðir 38-54  
Verð 9.980



**YEST/YESTA** Sportlegar buxur  
Stærðir 38-58  
Verð kr. 9.980



**ZHENZI** leggings  
Fást í fleiri mynstrum  
Stærðir 42-56  
Verð kr 4.990

Verzlunin Belladonna

**belladonna**

Líttu við á  
[belladonna.is](http://belladonna.is)

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460



# Sýnir hátísku fyrir Dior, Kenzo, Ganni og Adidas



Sjöfn Þórðardóttir sjöfn @frettabladid.is

Kristín Lilja Sigurðardóttir er stórglæsileg og hávaxin fyrirsæta með mikla útgeislun sem tekið hefur verið eftir á tiskupöllum og víðar. Hún ber sig föngulega á sviði og myndast með eindæmum vel.

Kristín Lilja er einungis 23 ára gömul. Hún er þegar komin með töluverða reynslu í fyrirsætubransanum og starfar sem fyrirsæta erlendis sem og hérlendis. Hún segir fyrirsætustarfið þó ekki hafa verið eitthvað sem hún ætlaði sér en hlutirnir æluðust þannig að hún fór óvænt inn á þennan vettvang.

„Ég er jafnframt að læra lögfræði í HÍ sem getur verið frekar krefjandi þar sem ég ver miklum tíma erlendis. Áhugi minn á fötum hefur klárlega aukist eftir að ég byrjaði að starfa sem fyrirsæta þótt ég hafi alltaf heillast af tisku. Fyrirsætustarfið var skemmtilegt tækifæri sem datt upp í hendurnar á mér. Ég var nýbyrjuð í lögfræði þegar að útsendari frá mómódelstofunni Next Management kom til Íslands og bauð mér alþjóðlegan samning hjá þeim. Ég ákvað að prófa og fór fyrst til Parísar þar sem ég fór í „casting“ fyrir tiskuvíkuna í París. Ég man að ég var ekkert sérlega vongóð enda fullt af öðrum fyrirsætum í öllum þessum prufum. Svo segir skrifstofan að Dior vilji fá mig í sýninguna sína og eftir það fór boltinn að rúlla. Eftir það hef ég verið í alls konar verkefnum, meðal annars gengið á sýningum fyrir Kenzo, Ganni og Adidas, og verið í myndatökum fyrir alls konar blöð og fata-merki, eins og Versace og Bottega Venetta.“

## Var unglundur í öðruvisi fötum

Frá því Kristín Lilja var lítil hefur hún haft skoðun á því hvernig fötum hún vill klæðast.

„Á unglingsárunum var ég mikið fyrir að vera í öðruvisi fötum og stundum þegar ég skoða myndir af mér frá þeim árum hugsa ég bara, jæja, var þetta ekki fullmikið, en það er skemmtilegt að geta horft til baka og hlegið að fatavalinu.“

## Hvernig myndir þú lýsa fatastílnum þínum?

„Hann er frekar afslappaður, ég er mjög hrifin af joggingöllum og litríkum fötum.“

Aðspurð segir Kristín Lilja að þegar komi að vali á sniðum séu þægindi í fyrsta sæti.

„Ég er mjög hrifin af viðum sniðum og vil alls ekki vera í



Kristín Lilja í silkikjól frá Ganni sem keyptur var í Geysi og með töffaraleg gleraugu frá Gucci.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
EYÞÓR

ópægilegum fötum, helst vil ég klæðast viðum fötum og þægilegum skóm.“

Kristín Lilja fann einn af sínum uppáhaldssilkiklútum í poka sem átti að gefa og eru nokkrar vintage-flikur í miklu uppáhaldi sem hún klæðist gjarnan.

„Ég á vintage Hermés-silkiklút sem ég fann fyrir rælni í poka af fötum sem átti að gefa heima hjá ömmu. Einnig held ég mikið upp á buxndragt frá Hildi Yeoman og stuttbuxur frá René Lezard sem mamma átti þegar hún var á mínum aldri.“

## Uppáhald fyrirsætunnar

Áttu þinn uppáhaldshönnuð?

„Daniel Lee sem hannar fyrir Bottega Venetta, en hann kom með mjög ferskan blá inn í tiskuvöruhúsið.“



Kristín glæsileg í samfestingi úr & other stories. Húfan er frá Asos og taskan frá Silfen, en hún var keypt í Yeoman.



Vintage bolur, Aftur buxur, Gucci gleraugu og Dior taska.

## Tiskuvörumerki sem heillar þig mest?

„Í augnablikinu er það danska merkið Ganni en svo hefur Adidas alltaf verið í miklu uppáhaldi.“

Þegar kemur að litavali, fylgir þú tiskustráumunum hverju sinni eða áttu þína uppáhaldsliti sem þér finnst klæða þig best?


„Ég er mjög hrifin af því að vera í flíkum og með fylgihluti í sama lit og eru rauður, grænn og appelsínugulur alltaf mínir uppáhalds.“

## Hvernig skótísku heillastu helst af?

„Þó svo að ég sé hávaxin er ég mikið fyrir skó sem hækka mig aðeins. Ég vel því oft skó með platform þegar ég verla mér skó.“

Hvaða fylgihluti finnst þér vera ómissandi að eiga í dag?

„Flott sólgleraugu gera allan klæðnað betri, finnst mér.“ ■



Hér er Kristín fönguleg og stílhrein í ullardragt frá Hildi Yeoman og með hliðartösku sem hún keypti í Húrra.

## HUGBÚNAÐUR OG HUGBÚNAÐARLAUSNIR

Þriðjudaginn 24 ágúst gefur Fréttablaðið út sérblað um Hugbúnað og Hugbúnaðarlausnir.

Enn ræðum við um fordæmalausa tíma í þjóðfélaginu þar sem að tölvur og snjallsímar eru eitt aðal samskiptatæki okkar í dag. Við viljum fjalla um hvað er í boði fyrir viðskiptavinum í þessum geira tækninnar á tímum Covid bylgjunnar.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við:

Jóhann Waage sölu- og markaðsfulltrúa  
Johannwaage@frettabladid.is eða 550-5656



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



# CLARINS

Live beautifully

DOUBLE  
SERUM  
TVÖFÖLD  
VIRKNI  
NÚ FYRIR  
AUGUN ÞÍN



Eftir  
7 daga  
notkun  
sérðu  
árangur\*

## Nýtt Double Serum Eye Einstök blanda plöntukjarna

Nýbreytni: Tvöföld formúla með 96% náttúrulegum innihaldsefnum sem unnin eru úr 13 plöntum, þ.á.m. úr kjörnum villtra kerfla og túrmerikplantna. Húðdroparnir efla 5 mikilvæga þætti húðarinnar, örva endurnýjun og vinna gegn sýnilegum einkennum öldrunar.

\*Neytendapróf - fjölþjóðlegt úrtak - 7 dagar, 375 konur.

CLARINS.COM

20% AFSLÁTTUR AF CLARINS VÖRUM Í LYFJUM & HEILSU KRINGLUNNI 19. - 22. ÁGÚST.  
Fallegur kaupauki fylgir ef verslað er fyrir 7.900 kr. eða meira.

 Lyf & heilsa



## Bílar & Farartæki

### KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bílauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. [www.bilauppbod.is](http://www.bilauppbod.is) Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur  
Sími: 522 4610  
[www.bilauppbod.is](http://www.bilauppbod.is)

### Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupi bíla 25-250þús

Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

## Bátar

MARÁS

TOHATSU  
UTANBORÐSMÓTORAR



JAPÓNSK  
GÆÐI!

Léttir Fyrirferðalítillir Hjólátir

Kraftmiklir Sparneytnir 3,5-250 hð

Miðhraun 13 - 210 Garðabær  
Sími: 555 6444 - [www.maras.is](http://www.maras.is)

## Þjónusta

### Garðyrkja

SLÁTTUVÉLAVIÐGERÐIR & SMÁVÉLAVIÐGERÐIR



Áratuga reynsla í viðgerðum á smávélum

SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTA

Vélaverkstæði JS

Sími: 554 0661

Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuor, sláttutraktorar, jarðvegsþjoppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. [www.velaverkjs.is](http://www.velaverkjs.is)

### Bókhald

FRAMTALSADSTOÐ - BÓKHALDSPJÓNUSTA

Þjódum einstaklingum framtalsaðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörspjónusta.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma 8548080/5168080  
[retta.is](http://retta.is)  
[olafur@retta.is](mailto:olafur@retta.is)



Accountant ehf. Laugavegi 178, 105 Reykjavík S. 4900095 / [info@accountant.is](mailto:info@accountant.is) [www.accountant.is](http://www.accountant.is)

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafli., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) [flytja@flytja.is](mailto:flytja@flytja.is)

## Húsaviðhald

FLÍSLAGNIR - MÜRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK  
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. [straumblik@gmail.com](mailto:straumblik@gmail.com)

## Keypt & Selt

### Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. [www.myranaut.is](http://www.myranaut.is) s. 868 7204

## Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
[www.gitarinn.is](http://www.gitarinn.is)



Hljómborð á tilboði

Mikið úrval  
Verð við allra hæfi

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS  
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. [www.geymslur.is](http://www.geymslur.is)

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500


## FRÉTTABLAÐIÐ

NÁÐU TIL FJÖLDANS!

44%

18-80 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali\*

Sími: 550 5050  
[soludeild@frettabladid.is](mailto:soludeild@frettabladid.is)



\*Samkvæmt prentmælingum Gallup

# job

Finum draumastarfið saman

Er um við að leita að þér?



# Snotur hugsun

## Af Kögunarhóli



Þorsteinn Pálsson.

Vandi heilbrigðiskerfisins er skortur á skipulagsbreytingum en ekki fleiri krónum. Þetta er boðskapur fjármálaráðherra. Heilbrigðisráðherra segir á hinn bóginn að fjárfraflög hafi verið stórauðin og kerfisbreytingar framkvæmdar.

Það sem blasir við kjösendum er: Vandandi Landspítalans heldur áfram að dýpka því lengur sem ráðherrar pólitískt stöðugleika tala í austur og vestur.

### Illa nýtt átta ár

Ákvarðanir um fjármál og skipulagsbreytingar í opinberum stofnunum gerast aðallega með samningum milli stjórnarflokka og með samningum milli fjármálaráðherra og fagráðherra um fjárlög og fjármálaáætlun.

Heilbrigðisráðherra hefur borið faglega ábyrgð á málaflöknum í fjögur ár. Ferillinn hófst með hástemmdari lofordum en áður þekktust. Hugsanlega er það helsta ástæðan fyrir því að hún á meira í vök að verjast í aðdraganda kosninga en forverarnir.

Fjármálaráðherra hefur farið með vald í þremur ríkisstjórnnum frá 2013 til þess að semja um þær skipulagsbreytingar, sem nú er sagt að skorti. Hér vantar skýringar á því hvers vegna ekkert hefur gerst allan þennan tíma og sama umræðan er alltaf endurtekin síðustu dagana fyrir hverjar kosningar.

### Ekki samið um breytingar

Í stjórnarsáttmálanum frá 2017 var ekki samið um breytingar á fjármálum heilbrigðiskerfisins í heild. Þar er heldur ekki að finna ákvæði um skipulagsbreytingar.

Þetta þýðir að annað hvort hefur ekki náðst samkomulag um breytingar eða að kröfur um þær hafa ekki einu sinni verið settar fram, hvorki um aukinn hlut heilbrigðiskerfisins né breytt skipulag.

Flokkarnir sömdu þó um að í fyrstu fjármálaáætlun myndi birtast stórsókn í uppbyggingu og rekstri hjúkrunarheimila. Í fjögur ár virðast þeir þó hvorki hafa rætt skipulagsbreytingar né fjármál í því skyni að efna þetta afdráttarlausu loford.

Í vor sem leið var einkafyrirtæki á Akureyri loks falið að leysa rekstrarvandann þar með uppsögnum. Að öðru leyti var pólitískur stöðugleiki tryggður með því að skilja eftir stórt gat fyrir þessi áform í fjármálaáætlun næstu fimm ára.

### Stefna án peninga

Á kjörtímabilinu hefur ríkisstjórnin samþykkt stefnu í heilbrigðismálum til 2030, krabbameinsáætlun til 2030 og lýðheilsustefnu til 2030. Þetta eru ekki einkaskjöl heilbrigðisráðherra. Þau hafa fengið pólitíska umfjöllun við ríkisstjórnarborðið og að hluta einnig á Alþingi.

Svo virðist sem þær skipulagsbreytingar, sem fjármálaráðherra ræðir nú um, hafi ekki verið nefndar á nafn í pólitískri sátt stjórnarflokkanna um þessa mikilvægu stefnumótun.

Athygli vekur einnig að engin af þessum áætlunum hefur að geyma

áfangaskipt og tímasett markmið. Og hitt stingur enn frekar í augu að engin tenging er á milli þeirra og ríkisfjármálanna. Þetta eru með öðrum orðum ófjármögnuð plögg.

Ekkert bendir til að ráðherrarnir hafi reynt að semja um skipulagsbreytingar og fjárfraflög við þessa stefnumótun. Stöðugleikapólitíkin virðist virka þannig.

En heilbrigðisstefna án samhengis við peninga ber fyrst og fremst vott um lítinn metnað og skort á markvissu skipulagi í fjármálastjórn ríkisins. Hér er ábyrgð ráðherranna tveggja ekki aðskilin heldur sameiginleg.

### Tvær kerfisbreytingar

Þrátt fyrir tal um skort á skipulags-



Frá sjónarhorni skjólstæðinga kerfisins er þetta misheppnaðasta framkvæmd á breytingum í heilbrigðisþjónustu frá upphafi vega. Og hún hefur ekki sparað ríkissjóði peninga.

breytingum hafa verið gerðar tvær kerfisbreytingar, sem snerta heilbrigðisþjónustuna.

Önnur er sú ákvörðun að ríkisvæða skimun fyrir krabbameinum, sem áður var á vegum velferðarsamtaka.

Frá sjónarhorni skjólstæðinga kerfisins er þetta misheppnaðasta framkvæmd á breytingum í heilbrigðisþjónustu frá upphafi vega. Og hún hefur ekki sparað ríkissjóði peninga.

Flokkur fjármálaráðherra hefur sýnt að hann er vel fær um að stöðva breytingahugmyndir samstarfsflokka, en hann kaus að fallast á þessa. Það var frjálst val.

Hin skipulagsbreytingin er samningur fjármálaráðherra um

styttingu vinnuvikunnar. Margir eru eðlilega sáttir við hana. En hún virðist samt ekki hafa aukið almenna starfsánægju á Landspítalanum og ekki hafa verið hugsuð sem þáttur í lausn á vandamálum hans.

Þar að auki hefur hún aukið fjárhagsvanda spítalans, þvert á staðhæfingu ráðherra í upphafi.

### Kannski þarf pólitíska breytingu

Niðurstaðan er þessi: Þeir sem farið hafa með völdin síðastliðin átta ár hafa greinilega ekki nýtt tímann til að gera snotra hugsun að veruleika. Kannski er þörf á einhverri pólitískri breytingu í þeim tilgangi. ■

# Netapótek Lyfjavers

## Frí heimsending um land allt!\*



Afhendum samdægurs

á höfuðborgarsvæðinu  
mán-lau ef pantað  
er fyrir kl. 13:00.


Í Netapóteki Lyfjavers getur þú fundið þína lyfseðla, valið samheitalyf og séð lyfjaverðið þitt.

Nýttu þér lágt lyfja- og vöruverð á lyfjaver.is

\*Frí heimsending ef pantaðir eru tveir lyfseðlar eða verslað er fyrir meira en 9.900 krónur.



lyfjaver.is  
Suðurlandsbraut 22





## Merkisatburðir

- 1809** Jörundur hundadagakonungur afsalar sér völdum á Íslandi.
- 1871** Alþingismenn stofna Hið íslenska Þjóðvinafélag.
- 1939** Blindrafélagið er stofnað.
- 1963** Sæsímastrengurinn Icecan er tekinn í notkun. Hann tengir saman Ísland og Kanada.
- 1964** Kvikmynd Bítlanna, A hard days night er sýnd í fyrsta sinn á Íslandi - í Tónabíói.
- 1993** Veidar íslenskra togara hefjast í Smugunni, hafsvæði milli fiskveiðilögsagna Noregs og Rússlands.
- 1993** Shimon Peres, utanríkisráðherra Ísraels, kemur í opinbera heimsókn til Íslands.



## 90 ára afmæli

### Stefana Gunnlaug Karlsdóttir



Stefana er fædd í Reykjavík en uppalin á Krossum í Staðarsveit á Snæfellsnesi. Þar gekk hún í barnaskóla og fluttist síðan með móður sinni til Reykjavíkur og gekk í Verslunarskóla Íslands í 3 ár. Stefana starfaði í snyrti- og hjúkrunarvörðsluninni Remediú í 3 ár, í Reykjavíkurapóteki í 7 ár og þá tók við barnaupeldi og húsmóðurstörf. Stefana starfaði síðan í Borgarapóteki í 10 ár en fór þá út í sjálfstæðan atvinnurekstur. Árið 1978 stofnaði Stefana snyrtivörðslunina Top Class á Laugavegi og rak hana ásamt heilðsölu næstu 24 árin. Stefana hefur verið virkur meðlimur í Oddfellowreglunni frá árinu 1960.

### Fjölskylda

Stefana var gift Ólafi Jóni Ólafssyni f. 8.5.1930, d. 14.8.2000 og eignuðust þau 4 börn. Þau eru Ásmundur Karl f. 2.9.1952, Arinbjörn f. 16.12.1958, d. 17.12.1958, Ólafur Kristinn f. 18.12.1959 og Margrét f. 01.05.1961.

Barnabörnin eru 7 og barnabarnabörnin eru orðin 7.

Foreldrar Stefönu voru María M. Ásmundsdóttir, sauma og myndlistakona, f. 27.3.1898, d. 10.2.1996 og Karl Leó Björnsson, sýsluskrifari í Borgarnesi, f. 22.2.1898, d. 6.7.1941.

Stefana er hress og eyðir deginum í faðmi fjölskyldunnar.



Elskuleg móðir okkar,  
**Borghildur Maack**  
hjúkrunarfræðingur,

lést þriðjudaginn 3. ágúst.  
Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju  
föstudaginn 20. ágúst klukkan 13.

**Vera Maack Pálsdóttir, Nanda Maria Maack Murangi**  
**Borghildardætur og fjölskylda.**



Ástkær móðir mín, tengdamóðir,  
systir okkar og mágkona,  
**Guðrún Bjarnadóttir**  
(Gunný)

lést á Landspítalanum þann 4. ágúst sl.  
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Daniel Gunnsteinn Haraldsson** **Kristrún Ó. Brynjarsdóttir**  
**Ingibjörg Bjarnadóttir** **Hannes Erlendsson**  
**Ágúst Bjarnason** **Guðrún C. Emilsdóttir**



Innilegar þakkir færum við fyrir sýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæru systur, mágkonu og frænku,  
**Elínar Hjalmsdóttur**

sem lést á Droplaugarstöðum  
þriðjudaginn 20. júlí síðastliðinn.

**Guðbjörg Hjalmsdóttir**  
**Guðrún María Hjalmsdóttir**  
**Ólafína Hjalmsdóttir** **Guðmundur H. Sigmundsson**  
systkinabörn og fjölskyldur.



Kammerhópurinn Cauda Collective leitar oft nýrra leiða í túlkun og leggur sig fram um að næra hlustendur. MYND/JULIETTE ROWLAND

## Náðu að fanga frelsi til sköpunar

Kammerhópurinn Cauda Collective og Ingibjörg Friðriksdóttir tónskáld flytja gamla og nýja tónlist sem tengist fönngum og frelsi í Norðurljósum Hörpu 22. ágúst.

gun@frettabladid.is

„Við veltum fyrir okkur hvernig listamenn hafa farið að því að skapa sér frelsi fyrir sköpunarþörf sína meðan þeir þöldu fangavist. Dagskráin okkar litast af því,“ segir Sigrún Harðardóttir fiðluleikari í kammerhópnum Cauda Collective sem efnir til tónleika í Norðurljósal Hörpu klukkan 16 á sunnudaginn. Þeir bera yfirskriftina Að fanga frelsið.

Á dagskránni er meðal annars Kvarsett um endalok tímans eftir Olivier Messiaen sem var saminn og frum-

### Flytjendur á tónleikunum:

Grimur Helgason, klarinett,  
Ingibjörg Friðriksdóttir, söngur,  
Jane Ade Sutarjo, píanó,  
Sigrún Harðardóttir, fiðla  
Þórdís Gerður Jónsdóttir, selló.

fluttur í fangabúðum nasista í Görlitz árið 1941. Einnig kaflinn Attica, úr verkinu Coming Together eftir Frederic Rzewski, sem er byggt á uppreisninni í Attica-fangelsinu 1971. Hann er fluttur af kammerhópnum og Ingibjörg Friðriksdóttir syngur.

„Svo verður frumflutt nýtt verk eftir Ingibjörgu Friðriks sem byggir á bréfskiptum bandaríks hersmanns og konunnar hans í seinni heimsstyrjöld. Það

heitir With All My Love, Art. Textann setti listakonan Kirsten Brehmer saman og flytur hann á sviðinu meðan tónlistin er leikin. Bréfin fann hún á flóamarkaði, þau eru mjög falleg og rómantísk,“ lýsir Sigrún og heldur áfram. „Þó svo að efnisskráin kunni að virðast þung þá eru verkin það ekki, þau eru fjölbreytt, stundum létt og leikandi, stundum sorgleg en alltaf falleg og sönn. Þau spanna allt litróf tónlistarinnar.“

Tónleikar Cauda Collective hafa einkennt af einhvers konar samfélags-speglun, að sögn Sigrúnar. „Okkur finnst gaman að para saman ný og gömul verk og finna samannlegan þráð sem er svo skýr í tónlistarsögunni. Við leitum gjarnan út fyrir rammann og viljum að tónleikarnir vekji forvitni hlustenda og skilji eitthvað eftir sig í hugum þeirra.“ ■



Ástkær eigenmaður minn, faðir,  
tengdafaðir, afi og langafi,  
**Sigurður Kristjánsson**  
verkstjóri,

lést á Líknaðeild LSH þriðjudaginn  
17. ágúst. Jarðarförin auglýst síðar.

**Jónína H. Eiríksdóttir**  
**Anna Sigríður Sigurðardóttir** **Tryggvi Þormóðsson**  
**Aðalheiður Steinunn Sigurðard.** **Guðmundur Lárusson**  
**Eiríkur Sigurðsson**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær vinkona okkar, systir og frænka,  
**Ingibjörg Málfríður**  
**Alfreðsdóttir**

sem lést á heimili sínu þriðjudaginn  
3. ágúst, verður jarðsöngin frá  
Dómkirkjunni í Reykjavík, föstudaginn  
20. ágúst, klukkan 13.00.

Athöfninni verður einnig streymt og hægt að nálgast  
útsendinguna á mbl.is/andlat

**Fyrir hönd aðstandenda,**  
**Rósa María Hjörvar**



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,  
tengdamóðir og amma,  
**Bertha Vigfúsdóttir**  
Arnartanga 82, Mosfellsbæ,

lést á Hjúkrunarheimilinu Mörk  
sunnudaginn 8. ágúst.

Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk  
hinnar látnu. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á  
styrktarsjóð Umhyggju - félags langveikra barna.

**Gunnar Á. Hinriksson**  
**Berglind Gunnarsdóttir** **Ásgeir Sæmundsson**  
**Vala Björk Gunnarsdóttir** **Markús Stefánsson**  
**Ari Ásberg Ásgeirsson**  
**Agnes Aðalbjörg Ásgeirsdóttir**  
**Embla Markúsdóttir**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð  
og hlýhug vegna andláts og útfarar  
elskulegs eiginmanns míns, föður,  
tengdafaðir og afa,

**Stefáns Mås Ingólfssonar**  
kennara.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á 3N á Hjúkrunarheimilinu Eir fyrir einstaka alúð og góða umönnun.

**Marianna Elisa Franzdóttir**  
**Helga María Stefánsdóttir** **Edda Stefánía Levy**  
**Stefán Már Levy Helguson**  
**Ástvaldur Þór Levy Helguson**



# KRYDD

veitingahús

Restaurant & Bar  
Hafnarfirði

## SUMARTILBOÐ

Fjögurra rétta ósvissuferð fyrir tvo 9.990 kr




**Hafa samband**  
Sími: 558-2222  
[krydd@kryddveitingahus.is](mailto:krydd@kryddveitingahus.is)

**Strandgata 34**  
220 Hafnarfjörður  
[kryddveitingahus.is](http://kryddveitingahus.is)



## Veðurspá Fimmtudagur



Áfram hægir vindar og yfirleitt skýjað í dag, og víða dálítil væta, einkum inn til landsins. Hiti 9 til 17 stig, hlýjast í innsveitum fyrir norðan.

## Skák Gunnar Björnsson

### Hvítur á leik



## Krossgáta

### LÁRÉTT

- 1 land í Afríku
- 5 fát
- 6 öxull
- 8 þrjóta
- 10 ólæti
- 11 ásynja
- 12 atóm
- 13 grönn
- 15 hnifjafn
- 17 skrækja

### LÓÐRÉTT

- 1 hrekja
- 2 ljósfæri
- 3 óvirða
- 4 skoran
- 7 fiskur
- 9 gair
- 12 berjast
- 14 vatnsflaumur
- 16 skóli

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
			12		
13	14				
15					16
	17				

LÁRÉTT: 1Aisín, 5 fúm, 6ás, 8 skálka, 10 at, 11 Eir, 12 eind, 13 net, 15 aljafn, 17 garga. LÓÐRÉTT: 1 afsanna, 2 lukt, 3 smá, 4 rákin, 7 sardína, 9 leitir, 12 efja, 14 eiga, 16 FG.

Rotmanov átti leik gegn Laksa í Sovétríkjunum árið 1975.

1. Hd2+! exd2 2. Df3+ Ke1 3. Df1# 1-0.

www.skak.is: Allt um skák

## Sudoku

		8		5				7
	1	6	4		7		5	
		7	8					
		9				7		
4		3	9	6	1			
1				7		9	6	
9				2	5	8		4
				8	3		2	
8	6			4		1	3	

						7	2	4
4		6			3		5	
				5				
	5	8	2					6
	4		6					
2				4				
						6		
	2	1	7			9		8
6	9	5	8					7

Þrautir felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

**Manic Panic**  
hárlitirnirfast  
hjá okkur  
sendum um allt land

**HOKUS POKUS**  
www.hokuspokus.is  
Verslun og vefverslun  
Laugavegi 69 S. 551-7955

**ÞJÓÐIN ER AÐ HORFA Á HRINGBRAUT!**


**33%**  
30 ára og eldri horfa vikulega á Hringbraut\*



**49%**  
50 ára og eldri horfa vikulega á Hringbraut\*



**66%**  
68 ára og eldri horfa vikulega á Hringbraut\*



\*Áhorfskönnun MMR - 26. nóv. - 4. des. 2020

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is



## Pondus



## Geljan



## Barnalán





# Bók fyrir alla að njóta saman



Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb  
@frettabladid.is

Reykjavík barnanna er ný bók eftir Margræti Tryggvadóttur og Lindu Ólafsdóttur. Þetta er önnur bókin sem þær vinna saman. Árið 2016 sendu þær frá sér hina vinsælu bók Íslandsbók barnanna, sem kom einnig út á ensku og ítölsku. Sú bók hefur nú verið endurútfengin.

„Þegar við unnum að Íslandsbók barnanna þá skrifaði ég fyrst textann og síðan kom Linda og myndlýsti. Reykjavík barnanna unnum við miklu meira saman og þessi bók er flóknari en sú fyrri,“ segir Margræt. „Bókin segir að nokkru leyti sögu Reykjavíkur en við fjöllum einnig um alls kyns fyrirbæri sem okkur þykja áhugaverð og tengjast borginni á einhvern hátt.“

Meðal þess sem fjallað er um í bókinni er kosningaréttur kvenna og kvenfrelsisbarátta, götunöfn og stytur. Risaopna sýnir yfirlitsmynd af Reykjavík. „Opnan á undan fjallar um mögulega útsýnisstaði og þar segjum við að mörgum þyki flottasta útsýnið vera úr Hallgrímskirkjutorni,“ segir Linda. Hún segist hafa farið upp í Hallgrímskirkjutorni, tekið myndir af útsýninu og málað eftir því. Á myndaopnunni sést skugginn af kirkjutorninum, útsýnið og litrík þök borgarinnar.

Margræt og Linda segjast sérstaklega halda upp á myndaopnuna Jakk og bjakk en þar er fjallað um holræsakerfið og nauðsyn þess. Á myndunum sést glögg að lífsgæði íbúanna hafa aukist mjög eftir að úrgangur manna og dýra fór að renna að mestu neðan jarðar, en ekki í opnum ræsum og hætt var að bera mannaskít á tún.

## Geimskip í hleðslu

Ýmislegt er falið í myndunum, eins og til dæmis geimskip og geimvera. „Þegar ég var að gera myndirnar var svo mikið að gerast, það voru Covid-fréttir og svo byrjaði eldgos. Ég hugsaði með mér að hér gæti allt eins lent geimskip og ég bætti því við á eina myndina. Þar



Reykjavík barnanna er önnur bókin sem Margræt og Linda vinna saman.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
EYÞÓR



Okkar markmið er að börn og fullorðnir lesi bókina eiginlega óvart.

Margræt Tryggvadóttir.



Kvenfrelsisbaráttan kemur við sögu í bókinni.



Þessi myndaopna sýnir útsýnið úr Hallgrímskirkjutorni.

er umhverfisvænt geimskip sem er í hleðslu og geimvera stendur hjá,“ segir Linda. Á annari mynd, sem sýnir kirkjugarð, sjást draugar á bekk og draugaköttur.

„Við gerum ekki endilega ráð fyrir að börn byrji að lesa á blaðsíðu eitt. Þau munu sennilega detta niður í eina og eina opnu, en flestar opurnar geta staðið einar og sér,“ segir Margræt. Hún segir bókina vera fjölskyldubók. „Þessi bók er fyrir alla, ekki síst fyrir börn og fullorðna til að njóta saman. Okkar markmið

er að börn og fullorðnir lesi bókina eiginlega óvart. Myndirnar eru allar afsmáatriðum svo alltaf má finna eitthvað nýtt og nýtt og textinn er í litlum klausum sem ég reyni að hafa bæði áhugaverðar og fyndnar fyrir alla.“

## Mikið þúsluspil

Þær segja vinnuna hafa verið afar skemmtilega. „Þetta var gríðarlega gaman en samt eitt erfiðasta verkefni sem ég hef komið að. Þetta var mikið þúsluspil,“ segir Mar-

græt. „Þetta tók á en var ótrúlega skemmtilegt. Ég dýrka þessa borg enn meira en áður,“ segir Linda.

Bókin kom út í gær, 18. ágúst, sem er afmælisdagur borgarinnar. Myndir úr bókinni verða til sýnis á stórum stöndum í Pósthússtræti við Austurvöll ásamt gömlum ljósmyndum frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Fimmtudaginn 26. ágúst kl. 18.00 verða Margræt og Linda síðan með sögugöngu fyrir alla fjölskylduna sem hefst hjá Borgarbókasafninu, Tryggvagötu. ■

## Skápurinn er víða

### LEIKHÚS

### Góðan daginn, faggi

★★★★★

#### Þjóðleikhúskjallarinn

**Höfundur og leikari:** Bjarni Snæbjörnsson

**Höfundur og leikstjóri:** Gréta Kristín Ómarsdóttir

**Tónlist:** Axel Ingi Árnason

**Lýsing:** Jóhann Friðrik Ágústsson

**Hljóðmaður og hljóðblöndun:**

Aron Þór Arnarsson

**Sviðshreyfingar:** Cameron Corbett

**Stilisti:** Eva Signý Berger

Sigríður Jónsdóttir

Rúmlega fertugur hommi fær skyndilega taugaáfall við akstur á Reykjanesbrautinni. Leikarinn Bjarni Snæbjörnsson á gott stuðningsnet, fastráðinn í Þjóðleikhúsinu og býr á hinsegin paradísinni Íslandi. Hver er þá rötin að þessari ofsalegu vanlíðan? Góðan daginn, faggi, er sjálfsvæisögulegur heimildasöngleikur um leit söngleikjahomma að innri friði.

Bjarni gengur inn á nánast tómst svið Þjóðleikhúskjallarans með tilfinningalegan og bókstaflegan farangur á bakinu. Sýningin gengur út á að taka upp úr þessum þunga bakpoka, víðra innihaldið til að létta á byrðinni og vekja áhorfendur til umhugsunar. Handritið byggir Bjarni á dagbókarfærslum sínum

og skrifar í samvinnu við Grétu Kristínu Ómarsdóttur sem einnig leikstýrir. Oft eru færslurnar bráðfyndnar en undir yfirborðinu er ótti og djúpt sár.

Hann rekur sögu sína frá barnsaldri til dagsins í dag, ekki alltaf í línulegri framvindu, þar sem hann flakkar á milli bæði landshluta og heimsálfa í von um finna stað þar sem hann getur verið sanna útgáfan af sjálfum sér. Til að gæta gagnsæis þá ólst undirrituð upp á svipuðum tíma í sama bæjarfélagi og Bjarni, á Tálknafirði. Þannig eru bernskubrekin oft ansi kunnugleg en líklegast ekki harla ólík öðrum landsbyggðarbæjarfélögum á níunda og tíunda áratugnum.

### Góð aðstoð

Handritið er kryddað lögum fluttum með góðri aðstoð Axels Inga Árnasonar sem semur tónlistina, Bjarni er hinn finasti söngvari. Sterkustu löggin eru í raun tilbrigði af sama laginu: HÆ, HÆ – hommahækja og epalhommi, síðar kemur framhaldið HÆ, HÆ – partídrusla og Eurovision, en víðlög beggja laganna innihalda línurnar „Því ég er þannig hommi / Svona eins og þú vilt að ég sé“.

Lagið lýsir togstreitunni í væntingum samfélagsins og örvæntingarfullum tilraunum til að gera öðrum til geðs, sviðsetningunni á sjálfinu. Inntak lagsins mætti tengja betur við kjarna handritsins, nota



Bjarni á hrós skilið fyrir takast á við þetta krefjandi verkefni.

MYND/ADSEND

hugmyndirnar til að dýpka rannsóknina, stíga út fyrir frásagnarform hins persónulega og tengja betur við hið samfélagslega.

Bjarni snertir stundum á því hvernig umhverfið krefur fólk á jadrinum um að ritskoda sig stöðugt þangað til kúgunin og skömmin verður eðlislæg, en þetta er ekki nægilega markvisst. Einnig er Skuggalagið ekki nægilega sterkt, hvorki útsetning né flutningur.

### Æðruleysi og þor

Góðan daginn, faggi, dvelur á

fremur óljósum stað, er eins konar blanda af kabarett, uppstandi og einleik. Ekki er óvanalegt fyrir jaðarsýningar að stokka upp í forminu en ramminn og útfærslan þyrftu að vera skýrari af hálfu Grétu Kristínar. Þó er rétt stigið til jarðar með að setja fókussinn algjörlega á Bjarna. Cameron Corbett finnur sviðshreyfingunum mjög góðan farveg. Bjarni tekst á við þetta risastóra verkefni af æðruleysi og þori en oft eru skiptingarnar milli tilfinningalegra áherslubreytinga óskýrar.

Þjóðleikhúskjallarinn hefur upp



Góðan daginn, faggi dvelur á fremur óljósum stað, er eins konar blanda af kabarett, uppstandi og einleik.

á að bjóða spennandi möguleika sem jaðarrými, tilraunavettvangur og vin fyrir hinsegin menningu. Góðan daginn, faggi, er finasta byrjun á leikárinu sem vonandi gengur í garð af fullum krafti fyrr en seinna. Bjarni á hrós skilið fyrir að takast á við þetta krefjandi verkefni og leggja sjálfan sig að veði á þennan máta, berskjaldaður en ávallt fullur hlýju. Sýningunni og sjálfsskoðuninni lýkur í raun aldrei heldur reynir maður að gera það besta úr degi hverjum. ■

**NIÐURSTAÐA:** Ögrandi og oft bráðfyndin sjálfsskoðun í formi söngleiks sem þyldi frekari úrvinnslu.



**40%**



**Borvél 20V**  
2 stk., 2.0Ah rafhlöður.  
5170721

**25.497 kr**  
~~42.435 kr~~

**21%**



**Verkfæravagn**  
Þrjár hillur á hjólum, stærð: 630x390x  
810 mm, hver hilla ber 120 kg. 5024490

**14.995 kr**  
~~18.695 kr~~

**30%**



**Sláttuvél**  
2x18V, sláttu-  
breidd 33 cm,  
5 hæðastillingar  
25-65 mm, 35 ltr.,  
safnari, rafhlöður og hleðslutæki seld sér.  
5082935

**25.897 kr**  
~~36.995 kr~~

**Fáðu tilboð í pallinn hjá okkur**



**19%**



**Electrolux**  
**Þvottavél**  
EW6S427W  
1200 sn., 7 kg,  
LCD skjár  
58-77 dB.  
1805436

**64.990 kr**  
~~79.990 kr~~

**12%**



**Gasgrill Graphite 3b**  
Grillflötur: 56x38 cm, 3 ryðfrír  
brennarar og hliðarbrennari. 3000390

**34.990 kr**  
~~42.435 kr~~

**25%**



**GROHE**  
**Handlaugartæki**  
Essence New Etgreb,  
svart. 7911087

**31.790 kr**  
~~42.415 kr~~

**50%**



**FERRO**  
**Eldhústæki**  
Algeo Square. 7810115

**8.818 kr**  
~~17.635 kr~~

**eta**  
since 1943



**Kælir/frystir**  
ETA, 85 cm stál. 1854000

**35.990 kr**  
~~39.990 kr~~

**30%**



**LAUFEN +**  
**Veggskál + seta**  
7920021

**43.990 kr**  
~~62.995 kr~~

**28%**



**Hausterikur 3 stk.**  
3 stk. að eigin vali.

**1.299 kr**  
~~1.797 kr~~

Hausterikur 1 stk. **599 kr**

**LADY**  
VEGG 10



**LADY**  
PURE COLOR  
VEGG 10

**20% afsláttur**

LADY innimálning

**Græn vára**

**JOTUN**  
Trelje



**JOTUN**  
TREBITT  
Terrassebeis/  
lasyr

**20% afsláttur**

Pallaólfa og pallahreinsir

**JOTUN**  
Original Akryl



**JOTUN**  
Original Akryl  
Murmáling/Fárg

**20% afsláttur**

Jotun útimálning

**GROHE**



**25% afsláttur**

Grohe blöndunartæki

# Pottaplöntuveisla **20-50%** afsláttur

**26%**



**Orkidea**  
12 cm pottur.  
11325000

**1.990 kr**  
~~2.690 kr~~

**26%**



**Sómakólfur**  
12 cm pottur.  
11328264

**1.990 kr**  
~~2.690 kr~~

**33%**



**Monstera**  
13 cm pottur.  
11328481

**1.990 kr**  
~~2.990 kr~~

**50%**



**Benjamín-  
fíkus**  
11,5 cm pottur.  
11328329

**990 kr**  
~~1.990 kr~~

**21%**



**Gúmmitré**  
17 cm pottur.  
11328329

**2.990 kr**  
~~3.790 kr~~



# Pottarnir eru komnir

Ný sending í verslanir og vefverslun

Mest  
seldu  
pottarnir  
okkar



Bergen

## Rafmagnsnuddpottur

4 manna uppblásinn rafmagnsnuddpottur, 180x70 cm, vatnsmagn 700 ltr., þyngd tómur 37 kg, hitar allt að 38°, 118 stútar, þriggja þrepa nuddstillingar. 8089108

**119.990**kr



Einföld smellulokun



NÝ  
SENDING

Aurora

## Rafmagnsnuddpottur

6 manna uppblásinn rafmagnsnuddpottur, 204x70 cm, vatnsmagn: 930 ltr., þyngd tómur: 28 kg, hitar allt að 40°, 138 stútar, innbyggður ljósaborði. 8089107

**149.990**kr



NÝ  
SENDING

Premium Camaro

## Rafmagnsnuddpottur

6 manna uppblásinn rafmagnsnuddpottur, 204x70 cm, vatnsmagn 930 ltr., þyngd tómur 35 kg, hitar allt að 40°, 138 stútar, þriggja þrepa stillanlegt nudd. 8089109

**148.990**kr



blómaval HÚSASMÍÐJAN



# FYRIR ÞIG

# HÚSASMÍÐJU DAGAR



RISA vefblað á [husa.is](http://husa.is)



# EXTRA



VINSÆL VARA

## 2799 kr. pk.

KIRKLAND ROLL KITCHEN TOWEL PAKKING 12 STK



VINSÆL VARA

## 2579 kr. pk.

KIRKLAND TRIPLE SATIN WC PAPER 4X10



VINSÆL VARA

## 1549 kr. pk.

KIRKLAND SPARKLING WATER 40X500 ML



okkar uppáhalds ír

**COSTCO**  
WHOLESALE

BARÓNSTÍGUR **8-24**

KEFLAVÍK OG AKUREYRI

**24/7**



WWW.EXTRA.IS

# DAGSKRÁ

19. ágúst 2021 FIMMTUDAGUR

## Fimmtudagur

### Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Mannamál Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við Þjóðþekktu einstaklinga um líf þeirra og störf.
- 19.30 Suðurnesja-magasín Vikurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
- 20.00 Sir Arnar Gauti Lífsstilsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitinga-húsamenningu, arkitektúr og margt fleira.

### RÚV Sjónvarp

- 11.00 Heimaleikfimi
- 11.10 Kastljós
- 11.25 Menningin
- 11.35 Á tali hjá Hemma Gunn 1987-1988
- 12.40 Útúrdúr
- 13.35 Með okkar augum
- 14.05 Út og suður
- 14.35 Kæra dagbók
- 15.05 Poppunktur 2010
- 16.00 Reimleikar
- 16.30 Gestir og gjörningar
- 17.20 Húsbýggingar okkar tíma
- 17.50 Táknálsfréttir
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Maturinn minn
- 18.12 Undraverðar vélar
- 18.26 Nýi skólinn
- 18.40 Tryllitæki - Alger vöknun
- 18.47 Nei sko!
- 18.50 Bækur og staðir
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 19.50 Menningin
- 20.00 Tareq Taylor og miðausturlensk matarhefð Sænskir ferða- og matreiðsluþættir þar sem kokkurinn Tareq Taylor ferðast á heimaslóðir föður síns í Jerúsalem og kynnis sér miðausturlenska matarhefð.
- 20.30 Hnappheldan Þorir þú að ræða allt við maka þinn? Í þessum norsku þáttum spyrja hugrökk þör hvort annað óvæntra spurninga.
- 21.00 Svarti baróninn
- 22.00 Tiufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Babýlon Berlín
- 23.05 Hvíti vikingurinn Kvikmynd í fjórum hlutum eftir Hrafn Gunnlaugsson um unga parið Ask og Emblu sem lifir á tímum mikilla átaka milli ásatrúar og kristni. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
- 00.15 Dagskrárlök

### Stöð 2 Golf

- 08.50 Tvöfaldur skolli
- 09.20 Golfarinn 1
- 10.00 AIG Women's Open 2021
- 17.00 PGA Tour Profiles 2021
- 17.10 2021 PGA Tour Champions Learning Center
- 17.30 PGA Tour: The Cut 2021
- 18.00 PGA Tour 2021
- 22.00 PGA Special: One Shot Away 2021
- 22.25 PGA Tour Profiles 2021
- 22.40 Countdown to the Ryder Cup 2021
- 23.05 Tvöfaldur skolli
- 23.45 Champions Tour Highlights 2021

### Sjónvarp Símans

- 06.00 Síminn + Spotify
- 12.30 Dr. Phil
- 13.17 The Late Late Show
- 13.57 The Block
- 14.44 90210
- 15.25 Black-ish
- 16.15 Black-ish
- 16.50 The King of Queens
- 17.10 Everybody Loves Raymond
- 17.35 Dr. Phil
- 18.20 The Late Late Show
- 19.05 The Block
- 20.10 Ást Kolbrún Pálína og Kristborg Böel sameina krafta sína í nýjum þáttum sem heita Ást. Heimildarþáttur um ást, ástarsambönd og allt sem þeim fylgir. Við hittum sálfræðinga og aðra sérfræðinga og komumst að því hvernig má elska betur. Í þáttaröðinni er ekki aðeins rætt við sérfræðinga heldur einnig fólk sem deilir reynslusögum sínum.
- 20.35 The Unicorn
- 21.00 9-1-1
- 21.50 Walker
- 22.35 Love Island
- 23.25 The Royals
- 00.10 The Late Late Show
- 00.50 New Amsterdam
- 01.35 Law and Order: SVU
- 02.20 Yellowstone
- 03.05 Love Island
- 03.55 Síminn + Spotify

### RÚV Rás eitt

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins
- 06.50 Morgunvaktin
- 07.00 Fréttir
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.00 Fréttir
- 09.05 Pianógoðsagnir
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.00 Fréttir
- 10.03 Veðurfregnir
- 10.13 Á reki með KK
- 11.00 Fréttir
- 11.03 Sumarmál: Fyrri hluti
- 12.00 Fréttir
- 12.03 Hádegð
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.42 Hádegð
- 13.00 Dánarfregnir
- 13.02 Sumarmál: Seinni hluti
- 14.00 Fréttir
- 14.03 Söngvamál
- 15.00 Fréttir
- 15.03 Flakk
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.05 Tengivagninn
- 17.00 Fréttir
- 18.00 Spegillinn
- 18.30 Hljómboxið
- 18.50 Veðurfregnir
- 18.53 Dánarfregnir
- 19.00 Sumartónleikar
- 20.30 Hin svarta list Gutenbergs
- 21.20 Íslendingasögur
- 21.40 Kvöldsgagan: Dægradvöl
- 22.00 Fréttir
- 22.05 Veðurfregnir
- 22.10 Sumarmál: Fyrri hluti
- 23.05 Sumarmál: Seinni hluti
- 00.00 Fréttir
- 00.05 Næturútlit Rásar 1

### Stöð 2 Bíó

- 11.00 Lego DC: Batman - Family Matters
- 12.15 Poms
- 13.45 Little Women
- 15.55 Lego DC: Batman - Family Matters
- 17.15 Poms
- 18.45 Little Women
- 21.00 Shazam!
- 23.05 Ashes in the Snow
- 00.45 A Rising Tide
- 02.20 Shazam!

### Stöð 2

- 08.00 Heimsókn
- 08.20 The Mentalist
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.25 The Good Doctor
- 10.05 Gilmore Girls
- 10.55 Blindur bakstur
- 11.25 Nettir kettir
- 12.20 The Office
- 12.35 Nágrannar
- 13.05 Friends
- 13.25 God Friended Me
- 14.10 Shipwrecked
- 15.00 Your Home Made Perfect
- 16.05 Flirty Dancing
- 16.55 The Heart Guy
- 17.35 Bold and the Beautiful
- 18.00 Nágrannar
- 18.20 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.40 Sportpakinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Hell's Kitchen
- 19.55 Spartan: Ultimate Team Challenge Svívirðilegar þrautabrotir og persónulegir sigur einkenna þessa raunveruleikabætti sem reyna bæði á andlegan og líkamlegan styrk keppenda. Hvert lið samanstendur af fólki sem tengist á einhvern hátt innbyrðis og þarf liðsheldin að vera algjör til að það eigi möguleika á að vinna keppnina og verðlaunaféð.
- 20.35 Timber Creek Lodge Raunveruleikabættir þar sem starfsfólk fyrsta flokks fjallaskála búa og vinna saman. Þau eru hvött til að skemmta sér með gestum staðarins ásamt því að þjónusta þá. En hvar liggur línan milli þeirra og gestanna? og hvað gerir starfsfólkið þegar gestirnir eru farnir?
- 21.20 NCIS: New Orleans
- 22.00 Real Time With Bill Maher
- 23.00 War of the Worlds
- 23.50 Animal Kingdom
- 00.35 The Righteous Gemstones
- 01.10 The Mentalist
- 01.50 The Good Doctor
- 02.30 Gilmore Girls
- 03.15 Friends

### Stöð 2 Sport

- 08.55 Keflavík - ÍR
- 10.15 Haukar - Keflavík
- 11.40 Fylkir - Selfoss
- 13.20 Fjölnir - ÍR
- 15.00 Þór/KA - Tindastóll
- 16.30 Fylkir - Vikingur R.
- 18.10 Fylkir - Selfoss
- 20.00 Pepsi Max Mörkin - 19. ágúst
- 21.00 Keflavík - KA
- 22.40 FH - Stjarnan 4.okt.14
- 23.10 Ólafur Stefánsson
- 23.45 Pepsi Max Mörkin - 19. ágúst

### Stöð 2 Sport 2

- 08.55 Paris Saint Germain - Barcelona
- 10.35 Benfica - PSV Eindhoven
- 12.15 Pittsburgh Steelers - Dallas Cowboys
- 14.15 Manchester City - Borussia Mönchengladbach
- 15.50 Real Madrid - Atalanta
- 17.30 Barnsley - Chelsea
- 19.10 Benfica - PSV Eindhoven
- 20.50 AC Milan - Manchester United
- 22.30 Football League Show 2021/2022
- 22.55 Chelsea - Sevilla



# ÚTSALA




19080a  
19080b  
19080c  
19080d  
19080e  
19080f  
19080g  
19080h  
19080i  
19080j  
19080k  
19080l  
19080m  
19080n  
19080o  
19080p  
19080q  
19080r  
19080s  
19080t  
19080u  
19080v  
19080w  
19080x  
19080y  
19080z

Skeifunni 6 | 108 Reykjavík | Sími: 533 4450 | [everest.is](http://everest.is) | [everest@everest.is](mailto:everest@everest.is) | [facebook.com/everestverslun](https://facebook.com/everestverslun)



ÞRIÐJU  
DAGS  
TILBOÐ  
ALLA  
VIKUNA!  
16.–22. ágúst

16”  
Pizza  
af matseðli  
1.600



**SPAÐINN**

Fjarðargata 11 · Dalvegur 32b

spadinn.is



Villi, Hákon og Stefán koma fram á tilraunakvöldinu í kvöld en Vigdís forfallast því miður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Grínistar krefjast virðingar

Í september mun uppistands-  
hópurinn VHS krefjast virð-  
ingar á fjöllum Tjarnarbiós.  
Í kvöld fer fram svokallað  
tilraunauppistand á Húrra  
þar sem hópurinn prufar nýtt  
efni á áhorfendum.

steingerdur@frettabladid.is

Uppistandshópurinn VHS mun frumsýna nýtt efni í Tjarnarbiói þann 3. september. Hann samanstendur af þeim Vilhelm Neto, Hákonni Erni Helgasyni, Vigdís Hafliðadóttur og Stefáni Ingvari Vigfússyni. Í kvöld fer fram svokallað tilraunauppistand á Húrra þar sem meðlimirnir prufa nýtt efni á áhorfendum.

„Í kvöld erum við að prufukeyra nýtt efni. Það er náttúrulega búið að vera frekar lokað á að halda stærri sýningar þannig að okkur fannst mikilvægt að fá að prufa efnið áður en við stígum á stökk í Tjarnarbiói,“ segir Hákon.

Villi segir það geta verið mismunandi hvernig fólk tekur efni á tilraunakvöldum.

„Áhorfendur eru alveg opnir fyrir því að brandarar gangi ekki upp á þessum kvöldum. Ef maður segir það bara bara beint út og sér á áhorfendum að brandarinn er ekki að falla í kramið, þá mætir maður oftast skilningi. Það er mjög „næs“ að geta unnið efnið nánast með áhorfendum og sjá hvað virkar og hverju má henda út,“ bætir hann við.

### Þróa grínið með áhorfendum

Settin eru sirka svipuð á endanum og á tilraunakvöldunum en oftast er eitthvað efni grísað út.

„Stundum eru þau kannski aðeins lengri en þetta er oft smá svona happa og glappa,“ segir Villi.

„Við vorum líka með tilraunakvöld í byrjun árs og nú erum við svo komin með meira nýtt efni. Stundum dettum við líka í einhvern spuna á sviðinu. Maður er kannski með einhverja hugmynd og fer með hana eitthvað með áhorfendum,“ segir Hákon.

Hann bætir við að oft geti frábært efni orðið til í „spontant“ spuna á sviðinu.

„Það getur gerst. Ég hef alveg skrifað eitthvað bara þrjátíu sekúndum áður en ég fer á svið.“

*Heimsfaraldur Covid-19 hefur sett sinn lit á líf fólks síðasta eina og hálfu árið. Hefur grínið eitthvað litast affaraldrinum?*



Vigdís var valin fyndnasti háskólaneminn árið 2020.

MYND/HÖRÐUR SVEINSSON

„Það hefur klárlega verið efni-  
viður, maður er líka að reyna að fá  
fólk til að sjá það fyndna í þessu öllu  
saman.“

En svo er þetta eiginlega farið að vera aðeins of mikið kannski, aðeins of mikill efniviður. Það er ekki hægt að gera endalaus brandara um skyr, maður getur ekki staðið upp á sviði og sagt fimmtán branda um skyr. Það sama á við um Covid,“ segir Villi.

### Náðu að halda dampi

Hópurinn hefur náð að koma nokkrum snum fram þrátt fyrir faraldurinn, en þá alltaf fyrir færri áhorfendum. Hvort grínþörfin hafi bitnað á þeirra nánustu segjast þeir Hákon og Villi ekki vissir um.

„Ef ég tala fyrir mig þá reyndi maður svoltið að aðskilja þetta. Ég veit samt ekki hvort fólk í kringum mig sé endilega sammála því. Við vorum samt mjög heppin og gátum haldið nokkur uppistönd þrátt fyrir Covid, þá bara með færri áhorfendum. Stundum fyrir framan enga áhorfendur og vorum bara að streyma uppistandinu. Þannig að við náðum að halda okkur vel í æfingu. Það var gott líka að fá að prófa nýtt efni í minni sölum, fyrir færri áhorfendum,“ segir Villi.

Villi og Stefán Ingvar komu fyrst fram með uppistandshópnum Fyndnustu mínum á Hard Rock. Í

kjölfarið ákváðu þeir að vera með uppistand saman og fengu Hákon til að vera kynni.

„Svo var hann náttúrulega svo fyndinn og frábær að við vildum endilega hafa hann með. Síðan er Vigdís líka gestur hjá okkur. Okkur fannst hún líka stórkostleg, þannig að hópurinn endaði á að vera við fjögur. VHS,“ segir Villi.

### Lofa léttri stemningu

Hópurinn fékk nafnið VHS eftir að Hákon slóst í hópinn.

„Vigdís vann keppnina fyndnasti háskólaneminn og um leið og hún tók eitt kvöld með okkur grátbáðum við hana um að vera með í hópnum sem hún var til í. Mjög heppilegt að nafnið hennar byrjar á V. Við erum komin með lista af öllum sem eru fyndnir með nöfn sem byrja á V, H eða S. Þetta verður líklega fimmtíu manna kollektíva af grínurum sem bera nöfn sem byrja á þessum stöfum,“ segir Hákon.

Hákon og Villi lofa léttri og skemmtilegri stemningu í kvöld.

„Við lofum ekki að þetta verði allt fyndið,“ segir Villi.

„Nei, ekki allt,“ bætir Hákon við.

„En þetta verður allt fyndið í september,“ segir Villi.

Tilraunauppistandið á Húrra í kvöld hefst klukkan 19.00.

Frumkýning VHS krefst virðingar er 3. september í Tjarnarbiói. ■



# ÚTSALA

## 20-70%

### AFSLÁTTUR

#### MÖGNUM TILBOÐ

**30%**  
AFSLÁTTUR



CADENCE PLUSH, QUEEN SIZE  
ÚTSÖLUVERÐ

**170.940 KR.**

VERÐ ÁÐUR 242.700 KR.

VERÐ MIÐAST VIÐ RÚMBOTN KLÆDDAN  
LEÐURLÍKI OG KRÓM LAPPÍR.

**20%**  
AFSLÁTTUR



GLACIER BAY FIRM, QUEEN SIZE  
ÚTSÖLUVERÐ

**201.760 KR.**

VERÐ ÁÐUR 250.700 KR.

VERÐ MIÐAST VIÐ RÚMBOTN KLÆDDAN  
LEÐURLÍKI OG KRÓM LAPPÍR.

**70%**  
AFSLÁTTUR



POPPY DÝNA  
ÚTSÖLUVERÐ

**20.274 KR.**

VERÐ ÁÐUR 67.580 KR.

SKIPTI OG SÝNINGARRÚM

**20-70%**  
AFSLÁTTUR

MIKIÐ ÚRVAL GERÐU FRÁBÆR KAUP



# Sealy **PORTLAND**

heilsurúm með classic botni

Gæði á góðu verði.

Portland er með góðum og sterkum poka-gormum og kantstyrkingum. Dýnan er

millistíf og með pillow top úr mismunandi stífum svamplögum og trefja lagi. Mýkt á móti stífum og góðum gormum. Áklæðið er mjúkt og gott bómullaráklæði sem andar einstaklega vel. Dýna sem hentar öllum sem vilja gæða vörumerki og vandaða vöru.



Amerískir  
DAGAR  
**20%**  
AFSLÁTTUR

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.



Sealy Portland fæst í eftirtöldum stærðum:

120/140/160/180 x 200 og 180 x 210 og 192 x 203 cm

Verðdæmi 120 x 200 cm m/Classic botni og löppum

Fullt verð: 160.900 kr. **AD tilboð: 128.720 kr.**

# Sealy **BROOKLYN**

heilsurúm - dýna, botn, fætur og gafl



Amerískir  
DAGAR  
**20%**  
AFSLÁTTUR



Brooklyn heilsurúmin frá Sealy fást í tveimur stærðum; 160x200 og 180x200 cm. Þau koma í gráu sléttflauei. Botn, dýna og gafl eru klædd sama áklæði sem gefur rúminu glæsilegt útlit. Dýnan er svæðaskipt pokagormadýna. Botninn er með gormum (Boxspring) sem gefur viðbótarfjöðrun.

Brooklyn 160 x 200 cm  
heilsurúm - Fullt verð: 279.900 kr.

Brooklyn 180 x 200 cm  
heilsurúm - Fullt verð: 299.900 kr.

Aðeins **223.920 kr.**

**239.920 kr.**

# Sealy **WASHINGTON** heilsurúm með classic botni



Amerískir  
DAGAR  
**20%**  
AFSLÁTTUR



Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

**Virkilega vonduð dýna og hentar fólki á öllum aldri.**

Washington heilsudýnan er með einstaklega vonduðu tvöföldu pokagormakerfi, kantstyrkingum og vandaðri og þægilegri yfirdýnu Gormakerfinu er skipt upp eftir svæðum þannig að það er með meiri stuðning þar sem við erum þyngri eins og öxlum og mjöðmum. Lítil sem engin hreyfing finnst milli rekkjunauta.

Yfirdýnan (topperinn) er samsett úr fjórum lögum og þar á meðal er gel lag (gel infused memory foam) sem lagast algjörlega að líkamanum og heldur honum í réttri stellingu alla nóttina. Áklæðið utan um dýnuna er silki og bómullarblanda sem andar einstaklega vel sem og gefur extra mýkt. Millistíf dýna.

Sealy Washington fæst í eftirtöldum stærðum:

160/180/200 x 200 og 192 x 203 cm

Verðdæmi 160 x 200 cm m/Classic botni og löppum

Fullt verð: 269.900 kr. **AD tilboð: 215.920 kr.**



## Sealy er annar stærsti dýnuframleiðandi í heimi og hefur verið starfandi í 140 ár.

# Sealy **HYATT** heilsurúm með classic botni

Sealy Hyatt heilsudýnan er sérstaklega framleidd fyrir *Hyatt* lúxus hótélkeðjuna um heim allan.

Hún er gerð úr *Posturpedic* gormakerfi sem Sealy hefur þróað í mörg ár.

Aðaláherslan í þróun á þessu gormakerfi er líkamsstaðan. Þrjú mikilvægustu punktarnir í þróuninni voru stuðningur, þægindi og ending. Til þess að ná hámarks slökun veitir Sealy Hyatt dýnan líkamanum fullkominn stuðning.

Það er 6 mismunandi svamplög í dýnunni og þau ásamt náttúrulegum trefjum og þykkum toppi gera það að verkum að þú hvílirst fullkomlega og snýrð þér mun minna en í venjulegri gormadýnu. Dýnan er með Oek-Tex vottun um að engin skaðleg efni eru í dýnunni.



Amerískir  
DAGAR  
**20%**  
AFSLÁTTUR



Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

Sealy HYATT fæst í eftirtöldum stærðum:

140/160/180/200 x 200 og 180 x 210 og 192 x 203 cm

Verðdæmi 140 x 200 cm m/Classic botni og löppum

Fullt verð: 241.900 kr. **AD tilboð: 193.520 kr.**

Afgreiðslutími Rvk  
Mán. til fös. kl. 11-18  
Laugard. kl. 11-17  
Sunnud. LOKAÐ

Holtagörðum, Reykjavík  
512 6800  
Smáratorgi, Kópavogi  
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri  
558 1100  
Skeiði 1, Ísafirði  
456 4566

Upplýsingar eru birtar  
með fyrirvara um  
prentvillur.




# DORMA

Láttu drauminn rætast



Amerískir dagar

Þetta hófst allt árið 1881 í smábænum Sealy í Texas. Það var þá sem Daniel Haynes bjó til eitthvað alveg sérstakt. Eitthvað einfalt en um leið byltingarkennt; bómullarfullta dýnu. Þetta gerði hann fyrir fjölskyldu sína og vini og í framhaldi vini þeirra.



## Styður við bakið á þér!



[www.dorma.is](http://www.dorma.is)

VEFVERSLUN  
**ALLTAF  
OPIN**

Jákvætt orðspor Sealy hélt áfram að breiðast út. Vissulega hafa rúmin okkar breyst og þróast frá frumgerð Daniels en þau eru enn framleidd af sömu ástríðu og með það að markmiði að skila sem bestum svefni. Það hefur ekkert breyst frá 1881.



# DORMA

Láttu drauminn rætast



## Bakþankar

Kolbeins  
Marteinssonar

## Nútiðarhamingja

Hamingjan á vísit að búa í nútíðinni og það fólk sem lifir þar hamingjusamast. Fortíð og framtíð geta nefnilega haft á okkur neikvæð áhrif. Þunglynd manneskja er þannig sögð föst í fortíðinni og kvíðin persóna þjökud af ótta við framtíðina. Kannski er þess vegna best að vera þakklátur fyrir það sem maður hefur en ekki það sem mann á að vanta, og njóta augnabliksins.

Ég hef sjálfur verið blessunarlega laus við erfið veikindi eins og þunglyndi og kvíða mestan part lífsins. En ef það er eitthvað sem lífið hefur kennt mér, þá er það að lífið verður auðveldara með hverjum degi. Maður verður sáttari við fortíðina og það eina sem ég nenni að sjá eftir í dag er að ég hefði viljað hafa hirt betur um tennurnar í mér sem barn. Og einu áhyggjur mínar af framtíðinni eru að ég muni lifa eitthvað af því fólki sem mér þykir vænst um. Kannski er stærsta vandamálið við nútíðina, þegar hún mætir okkur á miðjum aldri, hvað hún er oft algerlega fyrir-sjáanleg. Óvæntar heimsóknir vina eru liðin tíð, föstudagskvöld, sem áður gátu verið mikil óvissuferð, hefjast nú á Vikunni með Gísla Marteini og lýkur svo á miðnætti. Streita hvers dags hverfist helst um það hvað eigi að hafa í kvöldmatinn dag hvern.

Sjálfur held ég að besta leiðin til að brjóta upp tilbreytingarsnaudan hversdag nútíðar sé að hafa eitthvað til að hlakka til og vera spennur yfir. Sem færir okkur kannski örliði út fyrir nútíðina. Í raun held ég að hamingjan búi ekki síður í spennunni yfir því að hafa eitthvað til að hlakka til. Þá er líka svo gott að vera þakklátur fyrir þegar vel úr rætist, líka þegar ákveðið er hvað á að vera í matinn á mánudagskvöldi. ■


## FRÉTTABLAÐIÐ 20

NÁÐU TIL  
FJÖLDANS!

44%

18-80 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali\*

Sími: 550 5050  
soludeild@frettabladid.is



\*Samkvæmt prentmælingum Gallup

BYKO

# Lengjum sumarið

málning

Kjörvari 12

Oliubundin viðarvörn sem smýgur vel inn í viðinn, veitir honum góða vatnsvörn og hamlar gegn sprungumyndun.

4.695

86363041-640

4 ltr.

## Á að grilla um helgina?

20%  
afsláttur  
af öllum Broil King  
grillum

Broil King®  
Great Barbecues Every Time

Tilboðsverð

Royal S310

Þriggja brennara grill frá Broil King með þremur ryðfríum Dual-Tube™ brennurum, og postulínshúðuðum grillgrindum sem hægt er að snúa við. Í lokinu á grillinu er innbyggður hitamælir og hlíðar hillur sem hægt er að leggja niður.

55.996

50657513

Almennt verð: 79.995

30%

Þú sparar:  
23.999

Kilóvött Brennarar

8,8

3

Mikið úrval af grillfylgihlutum á 25% afslætti, pizzasteinar, grilltangir, yfirbreiðslur og margt fleira



25%  
afsláttur  
af öllum hjólum

Hjálmar á 30% afslætti



20%  
afsláttur  
af öllum  
háþrýstidælum

Tilboðsverð

Herregård  
pallaolía XO

Hágæða viðarolía með vörn gegn viðargráma og myglu og dregur úr sprungumyndun. Glær eða gyllt

2.796

80602501/2

Almennt verð: 3.495

3.l

20%



# BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN



Á fimmtudögum er opið í timburverslun Breidd til 21:00